



Lífskjör og hagir öryrkja

Könnun meðal örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega

Höfundur
Guðrún Hannesdóttir



Þjóðmálastofnun
Október 2010

© 2010 Guðrún Hannesdóttir
Öll réttindi áskilin

Útgefandi: Öryrkjabandalag Íslands og
Þjóðmálastofnun - Háskóla Íslands

Skýrslu þessa má eigi afrita með neinum hætti,
svo sem með ljósritun, ljósmyndun, prentun,
hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að
hluta eða í heild, nema að fengu skriflegu leyfi
höfundar eða útgefanda. Brot varðar lög um
höfundarrétt.

Skýrslan er prentuð í 1.000 eintökum,
á UPM Finesse Premium Silk 115 gr.
og kápan á UPM Finess Premium Silk 250 gr.

Ljósmynd: Bára Snæfeld
Umbrot: Auður Björnsdóttir
Prentun: Prentsmiðjan Oddi ehf
Umhverfissvottuð prentsmiðja

Lífskjör og hagir öryrkja

Könnun meðal örorku- og
endurhæfingarlífeyrisþega

Skýrsla

fyrir Öryrkjabandalag Íslands

Höfundur:

Guðrún Hannesdóttir

Þjóðmálastofnun

Október 2010

Formáli

Markmið þessarar rannsóknar er að gera grein fyrir líf skjörum öryrkja, högum þeirra og viðhorfum, en einnig er leitt í ljós hvernig líf skjörin eru háð fjölmörgum samtvinnuðum þáttum. Tilgangurinn er að draga fram í dagsljósið þá fjölbættu mynd af stöðu örorkulífeyrisþega sem hafa þarf í huga við alla umræðu sem og stefnumótun og aðgerðir stjórnvalda í þessum málaflakki.

Rannsóknin er unnin við Þjóðmálastofnun, gerð var könnun á högum og viðhorfum örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega sem stóð frá september 2008 og lauk í janúar 2009. Auk Þjóðmálastofnunar stóð Sigurður Thorlacius dósent við læknadeild Háskóla Íslands einnig að því verki. Áður hefur skýrsla um helstu niðurstöður könnunarinnar verið unnin fyrir félagsmálaráðuneytið og Landssamtök lífeyrissjóða, en þessir aðilar styrktu framkvæmd hennar (Sjá Örorka og virk velferðarstefna, eftir Guðrúnu Hannesdóttur, Sigurð Thorlacius og Stefán Ólafsson). Það rit sem hér liggur fyrir byggir á nánari úrvinnslu þessara könnunargagna sem og samanburðagögnum. Öryrkjabandalag Íslands styrkti þessa vinnu. Guðrún Hannesdóttir félagsfræðingur skrifaði skýrsluna en Stefán Ólafsson prófessor stýrði verkinu og las yfir handrit.

Öryrkjar og þjóðin samanborin:

	Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar*	Þjóðin 16-66 ára**
Kyn	Konur 62%, karlar 38%	Konur 48%, Karlar 52%
Aldur	78% eru 40-66 ára	48% eru 40-66 ára
Hjúskaparstaða	Frekar einhleyp eða fráskilin	Frekar gift
Fjölskylduhagir	17% einstæðir foreldrar	9% einstæðir foreldrar
Húsnæðisstaða	29% karla og 22% kvenna búa í leiguhúsnæði	13% karla og 10% kvenna búa í leiguhúsnæði 90% fólks eldra en 40 ára býr í eigin húsnæði
Leigusali	53% sveitarfélag eða Hússjóður ÖBÍ	14% sveitarfélag
Menntun	64% grunnmenntun 26% starfs- eða framhaldsmenntun 10% háskólamenntun	36% grunnmenntun 34% starfs- eða framhaldsmenntun 30% háskólamenntun
Atvinnustaða	29% á vinnumarkaði	84% á vinnumarkaði
Heildartekjur á mánuði, fyrir skatt, meðaltal hópsins	175 þúsund	Samskattaðir einstaklingar: 461 þúsund Aðrir einstaklingar: 360 þúsund
Afkoma	40% hafa einhvern tímann á sl. 12 mánuðum átt í erfiðleikum með að greiða hin venjulegu útgjöld	12% hafa einhvern tímann á sl. 12 mánuðum átt í erfiðleikum með að greiða hin venjulegu útgjöld
Ánægja með líf sitt þessa dagana, á kvarða 1-10	6,2	Um 8

*Heimild: „Könnun á högum og viðhorfum öroku- og endurhæfingarlífeyrisþega 2008-2009.“ Aldur 16-66 ára.

**Heimildir: „Húsnæðiskönnun 2007“, Hagstofa Íslands 2008 og RSK 2008.

Samandregið yfirlit

Samanburður kvenna og karla í hópi öryrkja:

	Karlar	Konur
Aldur	Hlutfallslega fleiri en konur í yngstu hópum	Hlutfallslega fleiri en karlar um miðjan aldur og eldri
Hjúskaparstaða	Hlutfallslega fleiri einhleypir	Hlutfallslega fleiri giftar eða fráskildar
Fjölskylduhagir	Búa frekar einir eða með öðrum án barna	16% kvennanna eru einstæðar mæður
Húsnæðisstaða	29% leigja	22% leigja
Menntun	Hlutfallslega fleiri með starfsnám eða iðnnám	Hlutfallslega fleiri aðeins með skyldunám. Fleiri með bóklegt nám, fleiri með háskólanám
Launavinna á sl. 6 mánuðum	31%	27%
Tekið þátt í Starfsendurhæfingu	21%	12%
Önnur samfélagsvirkni	Minni	Meiri
Algengasta ástæða örorku	Geðröskun	Stoðkerfi (einstæðar mæður þó frekar geðröskun)
Aldur við örorkumat	Að meðaltali lægri	Að meðaltali hærri
Heildartekjur, fyrir skatt	Meðaltal hópsins 196 þúsund sl. mánuð	Meðaltal hópsins 163 þúsund sl. mánuð
Erfiðleikar með venjuleg útgjöld	38%	47%
Eigið mat á heilsu	49% segja heilsu sína slæma	56% segja heilsu sína slæma
Finna fyrir fordómum	38%	48%
Upplifa mikla einangrun	24%	27%
Ánægja með líf sitt þessa dagana, á kvarða 1-10	6	6,3

Formáli	2
Samandregið yfirlit	3
Öryrkjar og þjóðin samanborin:	3
Samanburður kvenna og karla í hópi öryrkja:	4
Efnisyfirlit	5
Myndaskrá	6
Töfluskrá	10
1. Inngangur	11
2. Rannsóknaraðferð	16
2.1 Þátttakendur og framkvæmd	16
2.2 Greining	18
3. Lífskjör öryrkja	19
3.1 Fjölskylduhagir og húsnæði	19
3.2 Afkoma og tekjur	38
3.3 Heilsufar og orsök örorku	56
3.4 Menntun og atvinna	65
3.5 Samfélagsþátttaka, virkni og endurhæfing	79
3.6 Þjónusta	86
3.7 Aðgengi, viðhorf og lífsgæði	88
3.7.1 Aðgengi	88
3.7.2 Félagsleg einangrun	90
3.7.3 Fordómar	94
3.7.4 Ánægja með lífið	99
4. Helstu niðurstöður, samhengi og ályktanir	105
Heimildaskrá	110

Myndaskrá

Mynd 1:	<i>Hlutfallslegur fjöldi Íslendinga sem býr við hömlun/fötlun í daglegu lífi, samkvæmt lífskjarakönnun Evrópusambandsins 2007 (EU-SILC).</i>	15
Mynd 2:	<i>Örorkulífeyrisþegar 2008 sem hlutfall af mannfjölda eftir kyni og aldri (Heimild: Staðtölur Tryggingastofnunar Ríkisins).</i>	15
Mynd 3:	<i>Samanburður á hlutfalli aldurshópa þjóðar og könnunar.</i>	18
Mynd 4:	<i>Öryrkjar 16-66 ára. Hjúskaparstaða eftir kyni samkvæmt könnun 2008-09.</i>	20
Mynd 5:	<i>Þjóðin 16-66 ára 2008. Hjúskaparstaða eftir kyni. Heimild Hagstofa Íslands.</i>	20
Mynd 6:	<i>Hjúskaparstaða 2008 eftir aldri og kyni, annars vegar hlutfall meðal þjóðarinnar samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands og hins vegar öryrkja samkvæmt könnun.</i>	21
Mynd 7:	<i>Hjúskaparstaða, hlutfall innan kyns og eftir örorkugreiningu.</i>	22
Mynd 8:	<i>Kjarnaffjölskyldur þeirra sem búa með maka og/eða börnum. Samanburður á kjarnaffjölskyldum öryrkja og þjóðar.</i>	23
Mynd 9:	<i>Tegund húsnæðis.</i>	24
Mynd 10:	<i>Tegund húsnæðis eftir kyni.</i>	24
Mynd 11:	<i>Tegund húsnæðis eftir örorkugreiningu.</i>	25
Mynd 12:	<i>Húsnæðisstaða eftir landshlutum.</i>	25
Mynd 13:	<i>Þeir sem búa í eigin húsnæði, eftir kyni, hjúskaparstöðu, aldri, aldri við örorkumat, og greiningu TR. Hlutfalls % innan hvers liðs.</i>	27
Mynd 14:	<i>Þeir sem búa í leiguhúsnæði, eftir kyni, hjúskaparstöðu, aldri, aldri við örorkumat, og greiningu TR. Hlutfall% innan hvers liðs.</i>	28
Mynd 15:	<i>Þeir sem búa í leiguhúsnæði, samanburður á öryrkjum og þjóð eftir kyni.</i>	29
Mynd 16:	<i>Hlutfallslegur fjöldi í viðkomandi aldurshópi sem býr í leiguhúsnæði. Samanburður á öryrkjum og þjóð eftir aldri. - ATH að hópur 55 ára og eldri nær aðeins fram til 67 ára meðal öryrkja en 88 ára hjá þjóð í Húsnæðiskönnun 2007.</i>	29
Mynd 17:	<i>Hlutfallslegur fjöldi í viðkomandi aldurshópi sem býr í eigin húsnæði. - ATH að hópur 55 ára og eldri nær aðeins fram til 67 ára aldurs meðal öryrkja, en 88 ára hjá þjóð samkvæmt Húsnæðiskönnun 2007.</i>	30
Mynd 18:	<i>Hvar er leigt? Samanburður á öryrkjum samkvæmt „Könnun á högum öryrkja 2008“ og þjóð samkvæmt „Húsnæðiskönnun 2007“.</i>	31
Mynd 19:	<i>Hlutfall örorkuhópa eftir leigusala.</i>	31
Mynd 20:	<i>Hvernig hentar núverandi húsnæði, eftir kyni.</i>	32
Mynd 21:	<i>Hvernig hentar núverandi húsnæði, eftir því hvort um er að ræða eigin húsnæði eða leigu.</i>	32
Mynd 22:	<i>Hvernig hentar núverandi húsnæði, eftir því hjá hverjum er leigt.</i>	33
Mynd 23:	<i>Hvernig hentar núverandi húsnæði, eftir örorkugreiningu.</i>	33
Mynd 24:	<i>Hvernig hentar húsnæðið, eftir aldri.</i>	34
Mynd 25:	<i>Hvernig hentar núverandi húsnæði, eftir hjúskaparstöðu.</i>	34
Mynd 26:	<i>Hvernig hentar núverandi húsnæði, hlutfall þeirra sem búa með öðrum í heimili eftir því hvort barn innan 18 ára aldurs er á heimilinu.</i>	35
Mynd 27:	<i>Hvernig hentar núverandi húsnæði, eftir því hvort aðgengi hefur áhrif á þátttöku í samfélaginu.</i>	35
Mynd 28:	<i>Hversu vel hentar núverandi húsnæði, hlutfall eftir eigin mati á heilsu.</i>	36
Mynd 29:	<i>Hversu vel hentar núverandi húsnæði, hlutfall eftir ánægju með fjárhagsafkomu.</i>	36
Mynd 30:	<i>Hversu vel hentar núverandi húsnæði, hlutfall eftir ánægju með lífið.</i>	37
Mynd 31:	<i>Hvaða breytingar hyggst þú gera á húsnæðisstöðu þinni?</i>	37
Mynd 32:	<i>Hvernig framfærslu svarenda er háttað.</i>	38

Mynd 33: <i>Meðaltal heildartekna svarenda, síðastliðinn mánuð, fyrir skatt, eftir kyni, byggt á svörum þátttakenda.</i>	39
Mynd 34: <i>Heildartekjur svarenda sl. mánuð, fyrir skatt. Hlutfallslegur fjöldi eftir tekjuflokkum.</i>	34
Mynd 35: <i>Heildartekjur svarenda á mánuði, hlutfallslegur fjöldi eftir tekjuflokkum og kyni, eigin svör.</i> ..	35
Mynd 36: <i>Tekjuflokkar kvenkyns svarenda, hlutfall innan flokka eftir hjúskaparstöðu.</i>	36
Mynd 37: <i>Tekjuflokkar karlkyns svarenda, hlutfall innan flokka eftir hjúskaparstöðu.</i>	42
Mynd 38: <i>Meðal heildartekjur svarenda á mánuði, eftir fjölskyldugerð.</i>	42
Mynd 39: <i>Heildartekjur svarenda á mánuði, hlutfallslegur fjöldi eftir tekjuflokkum, hjúskaparstöðu og börnum innan 18 ára aldurs á heimili.</i>	43
Mynd 40: <i>Meðaltal heildartekna svarenda sl. mánuð, eftir aldurshópum.</i>	43
Mynd 41: <i>Meðaltal heildartekna svarenda á mánuði, eftir aldri við örorkumat.</i>	44
Mynd 42: <i>Hlutfall tekjuhópa svarenda eftir aldri við örorkumat.</i>	45
Mynd 43: <i>Meðalteklar svarenda, eftir örorkugreiningu.</i>	45
Mynd 44: <i>Hlutfall tekjuhópa svarenda eftir því hvaða námsstigi þeir höfðu lokið (efsta stig) áður en þeir urðu lífeyrisþegar.</i>	46
Mynd 45: <i>Hlutfall tekjuhópa svarenda eftir því hvort þeir hafa lokið einhverju námi eftir að þeir urðu lífeyrisþegar eða ekki.</i>	46
Mynd 46: <i>Hlutfall tekjuhópa svarenda eftir því hvort svarendur höfðu verið í launavinnu á sl. 6 mánuðum eða ekki.</i>	47
Mynd 47: <i>Hversu ánægðir eru svarendur með fjárhagsafkomu sína.</i>	47
Mynd 48: <i>Erfiðleikar með að greiða hin venjulegu útgjöld, hlutfall eftir kyni.</i>	48
Mynd 49: <i>Meðaltal heildartekna á mánuði, eftir því hvort svarendur hafa átt í erfiðleikum með að greiða hin venjulegu útgjöld.</i>	49
Mynd 50: <i>Erfiðleikar með að greiða hin venjulegu útgjöld, eftir hjúskaparstöðu.</i>	49
Mynd 51: <i>Erfiðleikar með að greiða hin venjulegu útgjöld, hlutfall eftir kyni og fjölda barna innan 18 ára á heimilinu.</i>	50
Mynd 52: <i>Erfiðleikar með að greiða hin venjulegu útgjöld, hlutfall eftir aldri.</i>	51
Mynd 53: <i>Erfiðleikar með að greiða hin venjulegu útgjöld, hlutfall eftir aldri við örorkumat.</i>	51
Mynd 54: <i>Erfiðleikar með að greiða hin venjulegu útgjöld, hlutfall eftir örorkugreiningu.</i>	52
Mynd 55: <i>Hlutfall svarenda eftir því hvort þeir telja sig eiga réttindi í lífeyrissjóði eða ekki.</i>	52
Mynd 56: <i>Hlutfall þeirra sem telja sig eiga réttindi í lífeyrissjóði, eftir aldri og kyni.</i>	53
Mynd 57: <i>Hlutfall þeirra sem telja sig eiga réttindi í lífeyrissjóði, eftir aldri við örorkumat.</i>	53
Mynd 58: <i>Hlutfall þeirra sem telja sig eiga réttindi í lífeyrissjóði, eftir örorkumatsgreiningu.</i>	54
Mynd 59: <i>Hlutfall þeirra sem hafa nýtt sér lífeyrisréttindi sín, af þeim sem telja sig eiga lífeyrisréttindi.</i> ..	55
Mynd 60: <i>Hlutfall þeirra sem hafa nýtt sér lífeyrisréttindi sín, af þeim sem telja sig eiga lífeyrisréttindi, eftir kyni og aldri.</i>	55
Mynd 61: <i>Hlutfall þeirra innan örorkuflokka, sem einnig nefna stöðkerfisvanda sem orsök örorku sinnar, eigin svör.</i>	57
Mynd 62: <i>Hlutfall innan örorkuflokka, þeirra sem einnig nefna geðröskun sem orsök örorku sinnar, eigin svör.</i>	57
Mynd 63: <i>Orsök örorku svarenda, greining TR (1. greining).</i>	58
Mynd 64: <i>Hlutfall kyns innan örorkuflokka.</i>	58
Mynd 65: <i>Aldur svarenda við örorkumat, eftir kyni.</i>	59
Mynd 66: <i>Hlutfall kynja innan örorkumatsaldurs svarenda.</i>	59

Myndaskrá

Mynd 67: Örorkumatsflokkar, hlutfall innan flokka eftir aldri svarenda þegar þeir voru metnir til örorku.	60
Mynd 68: Hvernig áhrif hafði það á þig að fá úrskurð sem öryrki?	61
Mynd 69: Mat svarenda á eigin heilsu.	61
Mynd 70: Mat svarenda á eigin heilsu eftir kyni.	62
Mynd 71: Mat svarenda á eigin heilsu, hlutfall meðal hjúskaparhópa eftir kyni.	62
Mynd 72: Mat svarenda á eigin heilsu eftir fjölskylduhögum.	63
Mynd 73: Mat svarenda á eigin heilsu, hlutfall innan örorkumatsflokka.	63
Mynd 74: Mat svarenda á eigin heilsu eftir aldri við örorkumat.	64
Mynd 75: Mat svarenda á eigin heilsu eftir því hvort þeir hafa stundað launavinnu á síðastliðnum 6 mánuðum eða ekki.	64
Mynd 76: Hæsta námsstig sem svarendur höfðu lokið þegar til örorkumats kom.	65
Mynd 77: Hlutfall kyns innan námsstigsflokka áður en kom til örorkumats.	65
Mynd 78: Hlutfall aldurshópa innan námsstigsflokka.	66
Mynd 79: Hlutfall aldurshópa við örorkumat, innan námsstigsflokka.	66
Mynd 80: Námi lokið fyrir örorkumat, hlutfall innan örorkuhópa	67
Mynd 81: Svarendur sem lokið hafa einhverju námi eftir að þeir urðu lífeyrisþegar, hlutfall eftir því hvaða námi þeir hafa lokið, eftir kyni.	68
Mynd 82: Helsta ástæða sem fólk nefnir fyrir því að vera ekki á leið í nám, þó áhugi sé fyrir hendi.	68
Mynd 83: Lagði vinnuveitandi þinn eða vinnustaður sig fram um að stuðla að áframhaldandi atvinnuþátttöku?	70
Mynd 84: Hvernig telja svarendur að hefði mátt koma til móts við þarfir þeirra á vinnustað, til að gera áframhaldandi atvinnuþátttöku mögulega.	70
Mynd 85: Þeir sem hafa verið í launavinnu á sl. 6 mánuðum sem hlutfall af þeim sem einhvern tímann hafa verið á vinnumarkaði.	71
Mynd 86: Samanburður á atvinnuþátttöku Íslendinga á aldrinum 16-66 ára 2007. Annars vegar þeirra sem bjuggu við mikla eða nokkra hömlun í daglegu lífi og hins vegar þeirra sem ekki sögðust búa við slíka hömlun. Byggt á lífskjarakönnun Evrópusambandsins 2007 (EU-SILC).	72
Mynd 87: Vinnutími þeirra sem bjuggu við nokkra eða mikla hömlun í daglegu lífi og þeirra sem ekki bjuggu við slíka hömlun. Byggt á lífskjarakönnun Evrópusambandsins 2007 (EU-SILC).	72
Mynd 88: Atvinnuþátttaka síðastliðna 6 mánuði eftir greiningu til örorkumats.	73
Mynd 89: Atvinnuþátttaka síðastliðna 6 mánuði eftir því hvort námi hefur verið lokið eftir örorkumat eða ekki.	73
Mynd 90: Vinnutími svarenda sem eru í launavinnu.	74
Mynd 91: Vettvangur vinnu þegar könnunin fer fram.	74
Mynd 92: Vettvangur vinnu eftir aldri við örorkumat.	75
Mynd 93: Hversu mikilvæg er vinnan þér? Þeir sem eru í vinnu.	75
Mynd 94: Áhugi á atvinnuþátttöku í hópi þeirra sem ekki eru í vinnu.	76
Mynd 95: Þeir sem stundað hafa launavinnu á sl. 6 mánuðum og áhugi á launavinnu hjá þeim sem ekki eru í vinnu, eftir fjölskyldugerð.	76
Mynd 96: Fjöldi vinnustunda á viku sem svarendur, sem ekki eru í vinnu en vilja vinna, treysta sér til, eftir kyni.	77
Mynd 97: Ástæða þess að ekki er áhugi á launaðri vinnu núna, nefna mátti fleiri en eina.	77
Mynd 98: Hversu mikilvægt er að öryrkjar hafi möguleika á launaðri vinnu?	78
Mynd 99: Ólaunuð vinna á síðastliðnum 6 mánuðum, eftir kyni.	79

Mynd 100: Þátttaka svarenda í félagsstörfum og íþróttum eða útivist, eftir kyni.	79
Mynd 101: Sækja listviðburði, kvikmyndahús, fara í ferðalög, göngutúra, samskipti við vini og ættingja, eftir kyni.	80
Mynd 102: Önnur afþreyingariðja svarenda eftir kyni.	80
Mynd 103: Tölvuaðgangur á heimili svarenda eftir kyni.	81
Mynd 104: Tölvuaðgangur á heimili eftir hjúskaparstöðu.	81
Mynd 105: Þátttaka í einhverri starfsendurhæfingu eða starfsþjálfun, eftir kyni.	82
Mynd 106: Þátttaka í starfsendurhæfingu eftir greiningu til örorkumats.	83
Mynd 107: Hversu miklum/litlum árangri hefur stafræningurinn/starfsþjálfunin skilað?	83
Mynd 108: Hversu miklum eða litlum árangri hefur stafræningurinn/starfsþjálfunin skilað, hlutfall innan örorkumatsflokka.	84
Mynd 109: Í hverju var árangur stafræningarinnar/starfsþjálfunarinnar helst fólgin?	84
Mynd 110: Hlutfall þeirra sem hefðu þegið stafræningu ef hún hefði staðið þeim til boða, eftir kyni.	85
Mynd 111: Mat svarenda á mikilvægi þess að fólk hafi möguleika á stafræningu.	85
Mynd 112: Hlutfall svarenda sem notið hafa aðstoðar félagsþjónustu sveitarfélags.	86
Mynd 113: Hlutfall svarenda sem nýtur þjónustu viðkomandi aðila.	86
Mynd 114: Hversu ánægðir eða óánægðir eru þjónustugefar með þjónustuna, hlutfall innan viðkomandi stofnana.	87
Mynd 115: Hlutfall svarenda eftir því hvort þeir hafa lent í því að vera sendir á milli þjónustuaðila án þess að fá viðunandi úrlausn?	87
Mynd 116: Hefur aðgengi, í viðum skilningi, áhrif á þátttöku þína í samfélaginu?	88
Mynd 117: Áhrif aðgengis á þátttöku í samfélaginu, hlutfall eftir aldurshópum.	88
Mynd 118: Hvers konar aðgengi snertir þig og þína fötlun?	89
Mynd 119: Hversu gott eða slæmt metur þú þetta aðgengi hvað þig varðar? Hlutfall eftir tegund aðgengis.	89
Mynd 120: Upplifun félagslegrar einangrunar, eftir því hvort svarandur segja aðgengi hafa áhrif á þátttöku sína í samfélaginu eða ekki.	90
Mynd 121: Upplifun félagslegrar einangrunar, eftir kyni.	90
Mynd 122: Upplifun félagslegrar einangrunar, eftir hjúskaparstöðu.	91
Mynd 123: Upplifun félagslegrar einangrunar, eftir aldri.	91
Mynd 124: Upplifun félagslegrar einangrunar, eftir fjölskyldustöðu og fjölda barna á heimili.	92
Mynd 125: Upplifun félagslegrar einangrunar, eftir greiningarflokkum.	92
Mynd 126: Upplifun félagslegrar einangrunar, eftir því hvort svarandi hefur einhvern tímann verið á vinnumarkaði eða ekki.	93
Mynd 127: Upplifun félagslegrar einangrunar, eftir því hvort svarandi hefur verið í launavinnu á síðastliðnum 6 mánuðum eða ekki.	93
Mynd 128: Finnst þér að einangrun þín sé núna meiri, minni eða svipuð og áður var?	94
Mynd 129: Finnst þér þú finna fyrir fordómum vegna örorku eða fötlunar þinnar?	94
Mynd 130: Tengsl þess að finna fyrir fordómum og upplifa einangrun.	95
Mynd 131: Hjá hverjum eða hvar finna svarandur fyrir fordómum.	95
Mynd 132: Hlutfall þeirra sem finna fyrir fordómum, eftir hjúskaparstöðu. (*hlutfall af heildarfjölda svarenda í viðkomandi hjúskaparstöðu, eftir kyni).	96
Mynd 133: Upplifun fordóma, eftir aldri.	97
Mynd 134: Hlutfall þeirra sem finna fyrir fordómum, eftir aldri við örorkumat.	97
Mynd 135: Hlutfall þeirra sem finna fyrir fordómum eftir tegund fötlunar.	98

Myndaskrá

Mynd 136: Þegar á heildina er lítið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með líf þitt almennt þessa dagana? Á skalanum 1 til 10 þar sem 1 er mjög óánægð(ur) og 10 mjög ánægð(ur)?	99
Mynd 137: Ánægja/óánægja svarenda með líf sitt, eftir kyni.	99
Mynd 138: Ánægja með lífið, eftir aldri.	100
Mynd 139: Ánægja með lífið, eftir aldri við örorkumat.	100
Mynd 140: Ánægja með lífið, eftir því hver örorkugreiningin er.	101
Mynd 141: Ánægja með lífið, eftir því hvort svarandi býr í eigin húsnæði eða leigir.	101
Mynd 142: Ánægja með lífið, eftir því hvaða nám svarandi hafði stundað áður en til örorku kom.	102
Mynd 143: Ánægja með lífið, eftir fjölskyldustöðu og fjölda barna á heimili.	102
Mynd 144: Tengsl heildartekna og ánægju með lífið.	103
Mynd 145: Ánægja með lífið, eftir því hvort svarendur finna fyrir fordómum í sinn garð eða ekki.	103
Mynd 146: Ánægja með lífið, eftir því hvort svarendur upplifa einangrun.	104

Töfluskrá

Tafla 1: Svarendur eftir kyni, aldri og búsetu.	17
Tafla 2: Hjúskaparstaða svarenda.	19
Tafla 3: Hjúskaparstaða og heimilisfólk eftir kyni og aldri svarenda.	23
Tafla 4: Húsnæði svarenda eftir kyni, aldri, aldri við örorkumat, hjúskaparstöðu og greiningu TR.	26
Tafla 5: Ástæða örorku, eigin svör svarenda könnunarinnar.	56
Tafla 6: Síðasta launaða starf svarenda áður en til örorkumats kom.	69
Tafla 7: Það sem helst stendur í vegi fyrir atvinnuþátttöku öryrkja að mati svarenda.	78

1. Inngangur

Þegar fjallað er um lífsskjör og hagi öryrkja er rétt að líta til þess hverja er um að ræða. Skilgreining og notkun hugtakanna örorka og fötlun hefur verið með ýmsum hætti frá einum tíma til annars og eftir því hvaða hópar eiga í hlut. Umfjöllun þessara hugtaka hér er að nokkru sótt í MA ritgerð skýrsluhöfundar „Starfsendurhæfing, stefna og leiðir til virkrar þátttöku í samfélaginu“.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra „The International Convention on Human Rights of Persons with Disabilities“ var samþykktur á Allsherjarþingi SP 13. desember 2006. Ísland var með fyrstu aðildarríkjum til að undirrita hann. Í fyrstu grein samningsins segir: „Til fatlaðs fólks teljast þeir sem eru líkamlega, andlega eða vitsmunalega skertir eða sem hafa skerta skynjun til frambúðar sem kann, þegar víxlverkun verður milli þessara þátta og tálma af ýmsu tagi, að koma í veg fyrir fulla og virka þátttöku þeirra í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli“ (Þýðing Þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytis í apríl 2009). Sáttmálinn er þannig byggður á félagslegu líkani um fötlun, með áherslu á samspil einstaklings og umhverfis.

Með stefnumótun sem átti sér stað hér á landi við setningu laga um málefni fatlaðra sem tóku gildi 1. janúar 1982, má segja að orðið fatlaður hafi verið gert að yfirhugtaki um fötlun. Í gildandi lögum segir að sá eigi „...rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum“ (Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992). Í framkvæmd er það þó oftast þannig að einungis þeir sem fengið hafa örorkumat hjá Tryggingastofnun fá notið þjónustu samkvæmt þessum lögum, meðal annars hjá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra. Þetta á við um fullorðna.

Samkvæmt vinnureglu félagsmálaráðuneytisins taka lög um málefni fatlaðra þó „fyrst og fremst til þeirra sem þurfa varanlega á sérhæfðri þjónustu að halda. Fatlaðir samkvæmt lögum eru því mun færri en öryrkjar sem margir hverjir þurfa ekki á sérhæfðri þjónustu að halda“ (Félagsmálaráðuneytið 2006), en gengið er út frá því að allir fatlaðir séu öryrkjar. Samkvæmt því sem fram kemur í stefnumótunarskýrslu ráðuneytisins „Mótum framtíð“ þá er sýn ráðuneytisins sú að hugtakið fötlun verði ekki notað sem yfirhugtak í framtíðinni heldur annars vegar litið til þarfa þeirra sem búa við einhverja skerðingu og hins vegar stuðning samfélagsins til að draga úr henni.

Örorka einstaklings er metin af Tryggingastofnun samkvæmt gildandi örorkumatsstaðali byggðum á læknisfræðilegu mati sem nánar er skilgreint í reglugerð nr. 379/1999 um örorkumat. Réttur til örorkumats er óháður starfshæfni eða vinnugetu en heimilt er að setja það skilyrði að umsækjandi gangist undir sérhæft mat á möguleikum til endurhæfingar og viðeigandi endurhæfingu (Lög um almannatryggingar nr. 117/1993). Þannig má segja að öryrki sé sá sem Tryggingastofnun hefur sett örorkustimpilinn á. Þetta gildir þó fyrst og fremst um einstaklinga sem metnir eru til 75% örorku eða meira, þeir einir fá stöðu örorkulífeyrisþega og fullan örorkulífeyri. Þeir sem njóta endurhæfingarlífeyris fá sömu stöðu og öryrkjar, en aðeins í takmarkaðan tíma, sem nú er mest 18 mánuðir, á meðan þeir stunda endurhæfingu. Lægra örorkumat (50 – 75%) veitir aðeins rétt til örorkustyrks og ekki sama rétt í kerfinu og örorkulífeyrisþegar njóta.

Forvitnilegt er að skoða hvernig tengslum fötlunar og örorku er háttað í lögum og afgreiðslu kerfisins. Einstaklingur fær ekki notið þeirrar þjónustu sem hann þarfnast vegna fötlunar sinnar

1. Inngangur

nema hann hafi verið úrskurðaður öryrki. Þannig er ekki gert aðskiljanlegt mat á skerðingu sem kallar á þjónustu annars vegar og hins vegar þörfinni fyrir framfærslulífeyri. Ætla má að þetta leiði til þess að fleiri sækist eftir 75% örorkumati en ella og þar með fullum lífeyri (Hannesdóttir 2009).

Lífskjör þegna samfélagsins hafa löngum verið í brennidepli umræðu á ýmsum sviðum mannlífsins, hvað átt er við með lífskjör liggur þó ekki alltaf ljóst fyrir. Markmið laga um málefni fatlaðra „er að tryggja fötludum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi“ (Lög um málefni fatlaðra nr.59/1992).

Í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks viðurkenna aðildarríkin „rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi lífskjara... og til sífellt batnandi lífsskilyrða“. Í samningnum er einnig kveðið á um að aðildarríkin viðurkenni að „allir menn eru jafnir fyrir lögnum og eiga rétt, án nokkurrar mismununar, á jafnri vernd og jöfnum hag lögum samkvæmt“. Ísland er aðili að samningnum eins og áður er getið og unnið er að fullgildingu hans hér á landi.

Í tilefni af Evrópuári gegn fátækt og félagslegri einangrun var haldinn fundur 9. maí 2010 á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis. Fundurinn var með þjóðfundarsniði og meðal þess sem fundargestir lögðu áherslu á var „að jafna lífskjör í samfélaginu með því að allir hafi störf við hæfi, húsnaði og möguleika til að taka þátt í samfélaginu og mótun þess“ (félagsmálaráðuneyti 2010).

Lífskjör eru þannig ekki einskorðuð við fjárhagslega afkomu heldur ná þau í víðari skilningi til margra fleiri og oft samofinna þátta sem snerta velferð okkar sem einstaklinga, fjölskyldu og samfélags. Ugglaust eru skiptar skoðanir um það í hverju velferð fólks liggur. Hvað eru lífsgæði, góð eða slæm lífsskilyrði og hvernig skal unnið að jöfnum hag, jöfnum lífskjörum og eðlilegu lífi, að ekki sé talað um hamingju?

Þar sem hugtakið velferð er svo gildishlaðið þá er vart einfalt viðfangsefni að mæla hana og meta. Þetta hefur löngum verið klassískt viðfangsefni fræðimanna á þessu sviði. Velta má fyrir sér hvort leggja beri áherslu á efnislega, hlutbundna þætti eða óefnislega, óhlutbundna þætti eða hvoru tveggja. Einnig má setja bæði efnislegar og óefnislegar bjargar fólks í brennidepil og athuga hvernig það er í sveit sett og í stakk búið til að ráða við aðstæður sínar. Eða beina sjónum að því hvort grundvallarþörfum sé fullnægt. Ef til vill er þarna í raun ekki um að ræða val á milli mjög ólíkra kosta, þegar um rannsókn á velferð einstaklingsins er að ræða, þar sem fullnæging sumra þarfa hans byggir á að ákveðnar bjargar séu til staðar.

Huglæga nálgun í rannsóknum á lífsgæðum má sjá í þróun hugmyndar um þarfir sem fella má undir þrjá flokka, eign, umhyggju og vernd. Þegar skoðað er hvernig þau gæði dreifast, sem felast í að fá þessum þörfum fullnægt, þá er í raun verið að beina sjónum að því hvernig jöfnuði eða ójöfnuði er háttað (Allardt, 1976).

Þegar allt kemur til alls þá eru hugmyndir fólks um hvað telst til lífsgæða ef til vill ekki svo ólíkar. „Þó nákvæmur listi yfir atriði sem áhrif hafa á lífsgæði sé háður gildismati, þá er samhljóða álit að lífsgæði séu háð heilsu og menntun fólks, daglegum störfum (sem innifela rétt til vinnu og húsnaðis), aðild að þjóðmálaumræðu og ákvarðanatöku, því félagslega og náttúrulega umhverfi

sem fólk býr við og þáttum sem móta persónulegt og fjárhagslegt öryggi þess. Ef mæla á öll þessi atriði velferðar þá krefst það bæði hlutlægra og huglægra upplýsinga“ (Stiglitz o.fl., 2009). Mikilvægt er að taka með í reikninginn hvernig framvinda á einu sviði hefur áhrif á önnur og hvernig hin ýmsu svið lífgæða tengjast tekjum. Afleiðingar þess fyrir lífsgæðin að standa illa að vígi á mörgum sviðum eru margfalt meiri en einföld samlegðaráhrif (Stiglitz o.fl., 2009).

Í ljósi þess sem að ofan greinir er rétt að beina sjónum að því sem nefnt hefur verið virk velferðarstefna. Hún felst í þeirri áherslubreytingu að í stað þess að mæta einungis framfærslupörfum þeirra sem búa við skerta vinnugetu, þá skuli einnig leggja áherslu á að efla virka þátttöku þeirra í samfélaginu, þar með talið atvinnuþátttöku eftir megni. Þetta ætti að vera til hagsbóta fyrir einstaklinginn jafnt sem samfélagið. Með slíkri áherslu mætti rjúfa einangrun og bæta hag og lífsgæði þeirra sem í hlut eiga um leið og samfélagið fengi notið betur þess mannauðs sem í þeim býr. Tækifæri gefst til að skapa vinnumarkað án aðgreiningar með því að hvetja til aðgerða sem miða að atvinnuþátttöku fatlaðs fólks og stuðla með því að styrkari félagslegri samstöðu og samskipan (OECD 2003 og 2005).

Hér á landi hefur þessi áhersla á virka velferðarstefnu verið að ryðja sér til rúms, bæði hjá hagsmunasamtökum og stjórnvöldum. Stjórnvöld hafa þó verið nokkuð svífasein og þessi málaflokkur verið þungur í vöfum, enda aðkoma margra ráðuneyta, stofnana og hagsmunaaðila gert alla stefnumótun erfiðari en ella. Þar sem atvinnuþátttaka fólks á vinnufærum aldri hefur að jafnaði verið meiri hér á landi en þekkt hefur með öðrum þjóðum sem við berum okkur saman við og atvinnuleysi alla jafna lítið, þá hefur ekki þótt knýjandi þörf fyrir virkni aukandi aðgerðir. Fjölgun öryrkja sem hefur verið nokkuð samfelld frá því uppúr 1990 og umfjöllun um atvinnuþátttöku þeirra og starfsendurhæfingu (Herbertsson 2005, Ólafsson 2005) hefur án efa verið hvati til áherslubreytinga og aukið meðvitund um mikilvægi virkrar þátttöku og aðgerða sem að henni stuðla.

Öryrkjabandalag Íslands, Landssamtökin Þroskahjálp og Landssamband eldri borgara unnu sameiginlega málefnskrá, „hugmynd að betra samfélagi – eitt samfélag fyrir alla“ þar sem þessa áherslu er að finna. Þar er meðal annars lagt til að stofnuð verði samráðsnefnd félagsmálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis í því skyni að afla upplýsinga, miðla þeim og samræma aðgerðir þessara ráðuneyta til að stuðla að frekari þátttöku jaðarhópa á vinnumarkaði. Einnig er lagt til að yfirstjórn atvinnumála fyrir alla, þar á meðal fatlaða, verði hjá Vinnumálastofnun félagsmálaráðuneytisins og þaðan verði útrás á vinnumarkað stjórnað, jafnframt því sem stofnunin safni og miðli upplýsingum um aðgerðir sem stuðla að aukinni atvinnuþátttöku (ÖBÍ 2006).

Í skýrslu nefndar Félagsmálaráðuneytisins um atvinnumál fatlaðra frá því í mars 1995 er að finna tillögur sama efnis. (Sigurðsson et al 1995, Valdimarsson 2003) Lítið var gert með þær tillögur í ráðuneytinu þar til 1. júlí 2006 að samþykkt voru á Alþingi ný lög um vinnumarkaðsaðgerðir. Lögin gera ráð fyrir samþættingu aðgerða til að auka atvinnuþátttöku þeirra sem standa höllum fæti á vinnumarkaði, fatlaðra jafnt sem ófatlaðra. Þar er einnig gert ráð fyrir aukinni áherslu á starfsþjálfun og atvinnutengda endurhæfingu einstakra hópa. (Lög um vinnumarkaðsaðgerðir 2006) Í þessum nýju lögum er það fastbundið að atvinnumál fatlaðra skuli vera á verksviði Vinnumálastofnunar og flytjast frá svæðisskrifstofum málefna fatlaðra. Í nefndaráli félagsmála-


1. Inngangur

nefndar Alþingis með frumvarpi til þessara laga kemur fram að þjónusta við fatlaða verði með sama hætti og fyrir aðra hópa. Þó megi gera ráð fyrir að það taki tíma að færa atvinnumál fatlaðra frá svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra, en hafist verði handa við flutninginn verði frumvarpið samþykkt. (Hannesdóttir 2009)

Þessi þróun hefur haldið áfram, meðal annars endurskipulagning ráðuneyta og stofnana með færslu almannatrygginga frá heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis og fyrirhugaðri sameiningu Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlitsins í eina Vinnumarkaðsstofnun. Um hana segir í dreifibréfi félagsmálaráðuneytisins: „Samkvæmt samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. maí 2009 er stefnt „...að því að sameina stofnanir á sviði almannatrygginga og vinnumála í eina stofnun um vinnu og velferð. Samhliða verði hugað að nýskipan örorku- og endurhæfingarmála þar sem litið verði til möguleika og getu en ekki eingöngu til sjúkdómsgreiningar og færniskerðingar.“ Þar kemur einnig fram að ákveðið hafi verið að sameina Vinnumálastofnun og Vinnueftirlit ríkisins og fela þeirri sameinuðu stofnun ábyrgð á umsýslu starfsendurhæfingar en að ekki sé talið rétt, a.m.k. ekki fyrst um sinn, að Tryggingastofnun verði hluti þessarar sameinuðu stofnunar. Skrefið var ekki stigið til fulls.


Í lok árs 2005 skipaði forsætisráðherra nefnd, með aðkomu aðila vinnumarkaðarins, um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar. Í skýrslu nefndarinnar þar sem Öryrkjabandalag Íslands átti einnig fulltrúa kemur fram að meginmarkmiðið með endurskoðun á örorkumati og aukinni áherslu á starfsendurhæfingarræði sé að bæta hag þeirra einstaklinga sem búa við skerta starfsorku vegna örorku og auka atvinnuþátttöku þeirra. Nefndin leggur áherslu á að horft verði á getu einstaklinga til að afla sér tekna og að örorkubætur verði að jafnaði háðar skilyrðum um atvinnuleit og endurhæfingu (Hannesdóttir 2009). Útfærsla á tillögum nefndarinnar hefur síðan verið í mótun, skýrsla faghóps „Drög að starfshæfnismati“ liggur fyrir og unnið er að nánari útfærslu. Segja má að það tímabil efnahagsþrenginga og atvinnuleysis sem nú stendur yfir kalli enn frekar á öflugt starf á þessu sviði, en sú hætta er fyrir hendi að þrengingarnar kalli á skyndilausnir sem gengið geta þvert á heildstæða stefnumótun á sviði velferðar.

Þegar umræða snýst um öryrkja, ekki síst fjölgun þeirra hér á landi, þá er í raun oftast átt við örorkulífeyrisþega, en eins og fjallað var um fyrr í þessum inngangi eru það þeir sem fengið hafa úrskurð Tryggingastofnunar ríkisins um 75% örorku og þar með rétt til örorkulífeyris. Ekki er hins vegar gefið mál að allir sem búa við langvarandi afleiðingar veikinda eða slysa sem hamla þeim í daglegu lífi sækist eftir úrskurði um örorku og tilheyrandi lífeyrisrétt. Í lífskjarakönnun Evrópusambandsins EU-SILC, sem Hagstofa Íslands sér um hér á landi, kemur fram að 11% Íslendinga á aldrinum 16–66 ára búa við einhverja langvarandi hömlun/fötlun í daglegu lífi (Mynd 1). Slíkar niðurstöður EU-SILC um sjálfskilgreinda örorku eru þær upplýsingar sem alla jafna eru notaðar hjá Evrópusambandinu og OECD til dæmis við samanburð örorkuhópa milli landa. Til skamms tíma var þó stuðst við upplýsingar Tryggingastofnunar varðandi öryrkja hér á landi og fékkst með þeim villandi mynd af atvinnuþátttöku íslenskra öryrkja í samanburði við aðrar þjóðir.



Mynd 1: Hlutfallslegur fjöldi Íslendinga sem býr við hömlun/fötlun í daglegu lífi, samkvæmt lífskjarakönnun Evrópusambandsins 2007 (EU-SILC).

Niðurstöðurnar á myndinni þýða að árið 2007 hafi 11% fólks á vinnualdri eða rúmlega 23.000 manns búið við hömlun eða fötlun. Hins vegar var heildarfjöldi örorkulífeyrisþega í lok árs 2008 rétt rúmlega 14.500 manns. Hlutfall örorkulífeyrisþega af íbúafjölda 16 – 66 ára var þá 8,5% í hópi kvenna, en 5,2% í hópi karla, samkvæmt staðtölum Tryggingastofnunar ríkisins. Tíðni örorku fer mjög vaxandi með aldri og er það meira afgerandi hjá konum. Karlarnir eru í meirihluta í yngstu hópunum, sem eru tiltölulega fámennir, en síðan taka konurnar við og þær eru mun fleiri en karlarnir þegar á heildina er litið. (Mynd 2).



Mynd 2: Örorkulífeyrisþegar 2008 sem hlutfall af mannfjölda eftir kyni og aldri (Heimild: Staðtölur Tryggingastofnunar Ríkisins).

1. Inngangur

Mikill meirihluti öryrkja er 40 ára eða eldri enda langflestir hlotið örorku eftir að hafa verið virkir á vinnumarkaði. Áföll, veikindi eða slys með tilheyrandi tapi á vinnugetu eru þannig helstu ástæður þess að fólk fyllir hóp örorkulífeyrisþega.

Í könnun þeirri sem gerð var meðal örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega veturinn 2008 – 2009 og gerð er grein fyrir í þessari skýrslu, var aflað upplýsinga um líf skjör, hagi og viðhorf öryrkja. Teknir eru fyrir ýmsir þættir, bæði huglægir og efnislegir, eins og tekjur, húsnæði, heilsufar, menntun, vinna, fjölskylduhagir og frístundir sem og viðhorf, upplifun og mat fólks á stöðu sinni.

„Skýrslugjöf um samfélagsmál þjónar lýðræðislegri framvindu best ef hún veitir svar við „hvernig það er“ og leyfir svörum við „hvernig á það að vera“ og „hvað ætti að gera“ að spretta fram meðal þegnanna í samfélagsumræðu“ (Johansson, 2002). Látum því gögnin tala.

2. Rannsóknaraðferð

Skýrslan er fyrst og fremst byggð á gögnum úr könnun á högum örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega sem fram fór á vegum Þjóðmálastofnunar HÍ haustið 2008 og fram yfir miðjan janúar 2009. Einnig er stuðst við gögn úr Húsnæðiskönnun sem Þjóðmálastofnun HÍ gerði fyrir félagsmálaráðuneytið árið 2007 og staðtölur fengnar frá Hagstofu Íslands og Tryggingastofnun ríkisins. Rannsóknargögn SILC (Statistics on Income and Living Conditions) sem tölfræðistofnun Evrópu (EUROSTAT) aflar reglulega frá Hagstofum Evrópulanda eru einnig notuð.

2.1 Þátttakendur og framkvæmd könnunar á högum örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega 2008 - 2009

Rannsóknarsnið var meginlegt og gögnin byggð á spurningalista með 116 spurningum, sem lagðar voru fyrir í símakönnun, en áður hafði listinn ásamt kynningarbréfi verið sendur út til þátttakenda til upplýsingar. Einnig var þátttakendum gefinn kostur á að svara spurningarlistanum yfir Netið, að fengnu aðgangsnúmeri, í forritinu Question Pro. Könnunin stóð frá 25. september 2008 til 16. janúar 2009. Félagsvísindastofnun framkvæmdi könnunina í samvinnu við Þjóðmálastofnun. Í samvinnu við Tryggingastofnun Ríkisins var tekið 1400 manna tilviljunarúrtak úr skrá örorkulífeyrisþega og 100 manna tilviljunarúrtak úr skrá endurhæfingarlífeyrisþega. Þessi fjöldi jafngildir um 10% þeirra sem þá voru á þessum skráum Tryggingarstofnunar. Fjöldi svarenda var 756, nettó svarhlutfall var 58,8%.

Um 38% þátttakenda eru karlar og 62% konur. Ef kyn svarenda er borið saman við allt þýðið þá sést að svarendur endurspegla það mjög vel (13.616 á örorkuskra í desember 2007, karlar 38,8%

2. Rannsóknaraðferð

og konur 61,2% (*staðtölur TR*), þess utan eru 942 endurhæfingarlífeyrisþegar, en staðtölur TR gefa þar ekki upp skiptingu eftir kyni.

Um 7,4% svarenda eru yngri en 30 ára, rúm 32% eru á aldrinum 30 til 49 ára og rúm 58% eru 50 ára eða eldri. Aldur er hér reiknaður miðað við fæðingarár. Ef aldur svarenda er borinn saman við þýðið, þá sést að svörun er hlutfallslega betri hjá þeim eldri og í elsta aldurshópnum skila karlar sér mun betur en konur. Á örorkuskrá 2007 voru 10,3% undir 30 ára, 37,3% 30 – 49 ára og 52,4% 50 ára og eldri, auk þess er rétt að hafa í huga að endurhæfingarlífeyrisþegar raða sér marktækt frekar í yngri hópa.

Um 63% þátttakenda eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu auk Reykjaness, en 37% búa annars staðar á landinu (Tafla 1). Svarendur virðast endurspegla vel búsetu þýðisins.


Tafla 1: Svarendur eftir kyni aldri og búsetu.

		Fjöldi	Hlutfall
Allir		756	100
Kyn			
	Karl	285	37,7
	Kona	469	62,0
Aldur			
	yngri en 20 ára	7	0,9
	20-29 ára	49	6,5
	30-39 ára	91	12,0
	40-49 ára	152	20,1
	50-59 ára	227	30,0
	60 ára og eldri	212	28,0
Búseta			
	Reykjavík	309	40,9
	Reykjanesi *	159	21,0
	Vesturlandi	26	3,4
	Vestfjörðum	17	2,3
	Norðurlandi	115	15,2
	Austurlandi	27	3,6
	Suðurlandi	88	11,6

* þar með talið Mosfellsbær, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Seltjarnarnes og Álftanes.

Eins og fram hefur komið þá er aldursdreifing meðal öryrkja önnur og í raun öfug við það sem er meðal þjóðarinnar í heild (Mynd 3). Einnig má sjá að kynin dreifast ekki jafnt á aldurshópana þar sem karlar raða sér hlutfallslega frekar en konur í yngstu aldurshópnum, en konur eru hlutfallslega fleiri um og eftir miðjan aldur. Þetta er rétt að hafa í huga þegar niðurstöður eru skoðaðar og aldurshópar ekki sérstaklega greindir.

2. Rannsóknaraðferð



Mynd 3: Samanburður á hlutfalli aldurshópa þjóðar og könnunar.

2.2 Greining

Niðurstöður eru settar fram með lýsandi tölfræði í tíðnitöflum og myndum, en einnig í krosstöflum eða tilsvareandi myndum þar sem reiknað hefur verið kí-kvaðrat próf til að bera saman hvort tölfræðilega marktækur munur er á hópum. Prófið gefur til kynna hvort mun sé að finna en ekki um styrk sambandsins. Þegar marktækur munur er á milli hópa er það víðast tekið fram í texta og í viðkomandi töflum með stjörnum. Þar merkir ein stjarna að tengslin eru marktæk miðað við 95% vissu ($p < 0,05$), tvær stjörnur að $p < 0,01$ og þrjár stjörnur að $p < 0,001$. Niðurstöður eru greindar eftir bakgrunni fólks þar sem helstu breytur eru kyn, aldur, búseta, tegund fötlunar/örorku, aldur við örorkumat, menntun og staða á vinnumarkaði. Einnig eru fjölmargar aðrar breytur og tengsl breyta skoðaðar sérstaklega þar sem ástæða þykir til.

3. Lífskjör öryrkja

Spurningalisti könnunar á högum og viðhorfum örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega var settur fram í 12 flokkum. Spurt var um færniskerðingu eða sjúkdóm, fjölskylduhagi, húsnæði, menntun, atvinnu, endurhæfingu, samfélagsvirkni og frístundir, framfærslu, viðhorf, aðgengi, þjónustu, heilsu og lífsgæði. Niðurstöður þessarar könnunar á lífskjörum öryrkja eru hér dregnar saman og settar fram í 7 megin flokkum. Þar sem við á þá er til samanburðar bætt við upplýsingum úr öðrum rannsóknarheimildum.

3.1 Fjölskylduhagir og húsnæði


Hjúskaparstaða öryrkja, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar, er sú að helmingur þeirra er giftur eða í sambúð, rúm 20% fráskildir og 24% einhleypir (Tafla 2).

Tafla 2: Hjúskaparstaða svarenda.

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Gift/kvæntur	307	40,61	41,5
Í staðfestri sambúð/ samvist	19	2,51	2,6
Í sambúð	48	6,35	6,5
Fráskilin[n]	152	20,11	20,5
Ekkja/ekkill	31	4,10	4,2
Einhleyp[ur]	180	23,81	24,3
Veit ekki	1	0,13	0,1
Neitar að svara	2	0,26	0,3
Alls	740	97,88	
Vantar	16	2,12	
Alls	756	100%	100%


Þegar haft er í huga að meðalaldur öryrkja er mun hærri en meðalaldur Íslendinga milli 16 og 66 ára (Mynd 1), þá vekur athygli hversu hátt hlutfall öryrkja, einkum karla, eru einhleypir en þeir eru marktækt frekar einhleypir en konurnar. Konur meðal svarenda eru hins vegar giftar eða fráskildar marktækt frekar en karlarnir (Mynd 4). Hjúskaparstaða rúmlega 20% svarenda hefur breyst eftir að vinnufærni þeirra skertist, þar af hafa 64% skilið.

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 4: Öryrkjar 16-66 ára. Hjúskaparstaða eftir kyni samkvæmt könnun 2008-09.


Vert er að velta fyrir sér háu hlutfalli fráskilinna öryrkja, einkum í hópi kvenna í samanburði við hlutfall fráskilinna Íslendinga 16 – 66 ára (Mynd 5).



Mynd 5: Þjóðin 16-66 ára 2008. Hjúskaparstaða eftir kyni. Heimild Hagstofa Íslands.

Í fljótu bragði mætti álykta sem svo að munur á hjúskaparstöðu öryrkja og þjóðar í heild stafaði af ólíkri aldurssamsetningu, en við samanburð innan aldurshópa fæst þessi munur staðfestur. Þá kemur einnig í ljós hærra hlutfall einhleyptra meðal öryrkja í öllum aldurshópum, bæði karla og kvenna. Þó skera konur í hópi öryrkja 20- 29 ára sig úr þar eru hlutfallslega færri einhleypar en þeim mun fleiri í sambúð eða fráskildar (Mynd 6).


3. Lífskjör öryrkja



Mynd 6: Hjúskaparstaða 2008 eftir aldri og kyni, annars vegar hlutfall meðal þjóðarinnar samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands og hins vegar öryrkja samkvæmt könnun.

Marktækur munur er á hjúskaparstöðu eftir greiningu örorku, bæði meðal karla og kvenna. Hæst hlutfall giftra, bæði kvenna og karla, er hjá þeim sem eru með stoðkerfisvanda eða hjarta/lungnasjúkdóm. Hæst hlutfall einhleypra bæði karla og kvenna er að finna í hópi þeirra sem eru með þroskaskerðingu eða meðfædda fötlun og því næst í hópi geðfatlaðra. Eins og áður hefur komið fram þá eru karlar meðal svarenda líklegri en konur til að vera einhleypir en konur líklegri en karlar til að vera giftar. Þetta endurspeglast í flestum flokkum örorku, nema hvað einhleypra með stoðkerfisvanda er að finna í sama hlutfalli hjá körlum og konum, og herra hlutfall einhleypra sem hafa hlotið örorku vegna áverka eða æxlis, er að finna meðal kvenna en karla (Mynd 7).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 7: Hjúskaparstaða, hlutfall innan kyns og eftir örorkugreiningu.

Tæp 78% svarenda könnunarinnar eiga börn, rúmlega 93% þeirra sem eiga maka en um 64% þeirra einhleypu. Meirihluti svarenda eða 73% býr með öðrum í heimili en konur eru marktækt líklegri til þess en karlarnir að búa með öðrum. Þetta ræðst ekki eingöngu af því að konur búa frekar en karlar með maka, en það gera 54% kvennanna miðað við 44% karla, heldur felst munurinn einnig í því að konur búa mun frekar en karlar með börnum sínum.

Af þeim sem búa með öðrum í heimili þá búa 64% kvennanna en 37% karlanna með börnum. Karlar eru hins vegar mun líklegri en konur til að búa með foreldrum sínum eða óskyldum aðilum. Af þeim sem eru einhleypir eða fráskildir en búa með öðrum þá búa 71% kvennanna en 20% karlanna með börnum innan 18 ára aldurs.

Rúmlega 29% svarenda eru með börn innan 18 ára aldurs á heimili. Meðal kvennanna er þetta hlutfall rúm 35%, þar af 16% einhleypar, fráskildar eða ekkjur og rúm 19% giftar eða í sambúð (Tafla 3). Af börnum yngri en 18 ára, en þau eru 344 talsins, búa 75% hjá konum, en þær eru 68% þeirra svarenda sem eru giftir eða í sambúð með börn yngri en 18 ára og 87% þeirra sem eru fráskilin, einhleyp eða ekkjur/ekklar með börn yngri en 18 ára á heimili. Athygli vekur að 41% einstæðra foreldra, sem að mestu leyti eru konur, hafa greiningu um geðrænan vanda, en í heild hafa 28% svarenda þessa greiningu og karlar mun frekar en konur.

Eins og vænta má þá eru það yngri aldurshópar svarenda sem búa með börnum en athyglisvert er að þeir sem búa með maka og börnum, eru að jafnaði eldri en þeir sem búa makalausir með börnum, en eins og áður segir er þar að meirihluta um konur að ræða.


3. Lífskjör öryrkja

Þeir sem búa með öðrum, en án barna innan 18 ára, er annars vegar yngra fólkið, einkum karlar sem búa með foreldrum sínum og hins vegar eldri aldurshópar sem búa með maka eða/og eldri börnum (Tafla 3).

Tafla 3: Hjúskaparstaða og heimilisfólk eftir kyni og aldri svarenda.

		Einhli/frásk. m/börnum innan 18 ára %	Gift/sambúð m/börnum innan 18 ára %	Búa með öðrum án barna innan 18 ára %	Búa einir %	Fjöldi N
Allir		11,4	17,9	42,2	28,5	682
Kyn ***						
	Karl	4,0	15,4	44,4	36,2	254
	Kona	15,9	19,4	40,9	23,8	428
Aldur						
	16-29 ára	28,0	16,0	38,0	18,0	50
	30-39 ára	31,3	30,0	18,7	20,0	80
	40-49 ára	17,2	37,3	22,4	23,1	134
	50-59 ára	7,2	14,8	46,9	31,1	209
	60-66 ára	0,5	3,5	60,9	35,1	202

Þegar kjarnafjölskyldur svarenda sem búa með maka og/eða börnum eru bornar saman við slíkar fjölskyldur meðal þjóðarinnar, samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands, þá kemur í ljós, eins og við er að búast vegna mismunandi aldurssamsetningar (Mynd 1), að öryrkjar eru líklegri til að búa með maka án barna og ólíklegri til að búa með maka og/eða börnum. Hins vegar vekur athygli mun hærri hlutfall einstæðra foreldra í hópi öryrkja (Mynd 8).




Mynd 8: Kjarnafjölskyldur þeirra sem búa með maka og/eða börnum. Samanburður á kjarnafjölskyldum öryrkja og þjóðar.

Um 40% svarenda búa í einbýlis-, par- eða raðhúsi en 52% í fjölbýlishúsi, 8% búa við aðrar en hefðbundnar húsnæðisaðstæður (Mynd 9).


3. Lífskjör öryrkja

Til samanburðar þá búa, 59% Íslendinga í einbýlis-, par- eða raðhúsi en 41% í fjölbýlishúsi, samkvæmt gögnum EU-SILC 2007.



Mynd 9: Tegund húsnæðis.

Marktækur munur eftir kyni er á húsnæðisaðstöðu svarenda. Rúmlega 43% kvennanna en tæp 35% karlanna búa í einbýli, þ.e. einbýlishúsi, parhúsi eða raðhúsi. Athygli vekur að hlutfallslega mun fleiri karlar en konur búa á sambýli, í þjónustuíbúð eða við aðrar óhefðbundnar aðstæður, af þeim 8% svarenda sem búa við þær aðstæður eru 79% karlar (Mynd 10).




Mynd 10: Tegund húsnæðis eftir kyni.

Þeir sem greindir eru með þroskahömlun eða meðfædda fötlun búa hlutfallslega fæstir í einbýli og þá er frekar að finna á sambýli en aðra hópa. Næst lægsta hlutfall þeirra sem búa í einbýli er


3. Lífskjör öryrkja

að finna í röðum þeirra sem eru með geðröskun, þeir eru hins vegar með hæst hlutfall þeirra sem nefna „annað“ sem íverustað sinn (Mynd 11).



Mynd 11: Tegund húsnæðis eftir örorkugreiningu.

Þegar litið er til þeirra 98% svarenda, sem búa utan þjónustuúrræða eða stofnana, þá sést að tæp 68% þeirra búa í eigin húsnæði, tæp 25% búa í leiguhúsnæði og rúm 7% búa hjá foreldrum, ættlingjum eða við ótilgreindra húsnæðisstöðu (Tafla 3). Hæsta hlutfall þeirra sem búa í leiguhúsnæði er í Reykjavík eða 31%, en hæsta hlutfall þeirra sem búa í eigin húsnæði er á Austurlandi eða 81% (Mynd 12).



Mynd 12: Húsnæðisstaða eftir landshlutum.

Húsnæðisstaða svarenda fer marktækt eftir kyni en einnig eftir aldri, aldri við örorkumat, hjúskaparstöðu og greiningu til örorku. Konur búa hlutfallslega fleiri en karlar í eigin húsnæði, en

3. Lífskjör öryrkja

Þeir búa frekar í leiguhúsnæði eða foreldrahúsum. Eins og vænta má þá er yngri fólkið líklegra en það eldra til að búa í leiguhúsnæði og eftir því sem hópurinn er eldri þá aukast líkurnar á að búið sé í eigin húsnæði. Þegar litið er til aldurs við örorkumat, þá kemur í ljós að því yngri sem fólk var þegar til örorku kom, þeim mun minni líkur eru á að það búi nú í eigin húsnæði og til-
tölulega hátt hlutfall (41%) þeirra sem metnir voru til örorku innan við þrjátíu ára aldur býr nú í leiguhúsnæði eða í foreldrahúsum.


Þeir sem eru giftir eða í sambúð búa mun frekar í eigin húsnæði en þeir sem eru einhleypir eða fráskildir. Af þeim sem búa með börnum innan 18 ára aldurs þá eru um 30% í leiguhúsnæði og hlutfallslega fleiri konur en karlar eru í þessum hópi. Eins og áður hefur komið fram þá eru það fyrst og fremst konur sem fylla hóp einhleypra eða fráskilinna með börn, en helmingur einhleypra mæðra og 40% fráskilinna mæðra með börn innan 18 ára búa í leiguhúsnæði.

Þeir sem fengið hafa örorkumat vegna geðröskunar og þeir sem eru með þroskahömlun eða meðfædda fötlun búa í hærri hlutfalli en aðrir hópar í leiguhúsnæði, síðarnefndi hópurinn er einnig líklegastur til að búa í foreldrahúsum. Þeir sem hafa greiningu um stoðkerfisvanda og þeir sem eru með tauga- eða skynfæragreiningu eru með hæst hlutfall þeirra sem búa í eigin húsnæði (Tafla 4, Mynd 13 og 14).

Tafla 4: Húsnæði svarenda eftir kyni, aldri, aldri við örorkumat, hjúskaparstöðu og greiningu TR.


		Eigin %	Foreldra/ ættingja %	Leigu %	Annað %	Neitar %	Fjöldi N
Allir		67,7	5,4	24,6	2,0	0,4	708
Kyn***	Karl	57,3	8,7	29,2	4,3	0,4	253
	Kona	73,3	3,5	22,1	0,7	0,4	453
Aldur***							
	16-29 ára	28,0	34,0	36,0	2,0	0,0	50
	30-39 ára	53,1	12,3	29,6	4,9	0,0	81
	40-49 ára	64,6	0,7	31,3	2,8	0,7	144
	50-59 ára	72,6	2,8	22,6	0,9	0,9	212
	60 ára og eldri	79,0	2,0	17,6	1,5	0,0	205
Aldur við örorkumat***							
	Yngri en 20 ára	51,1	25,5	21,3	2,1	0,0	47
	20-29 ára	60,4	8,8	29,7	1,1	0,0	91
	30-39 ára	60,8	1,5	35,4	0,8	1,6	130
	40-49 ára	72,1	2,0	22,4	2,7	0,7	147
	50-59 ára	81,9	3,2	14,2	0,6	0,0	155
	60 ára og eldri	79,7	1,6	15,6	3,1	0,0	64
Hjúskaparstaða***							
	Gift/kvæntur/sambúð	87,8	1,6	8,6	1,9	0,0	370
	Einhleyp/fráskilin/ekkjia	44,7	9,6	42,6	2,1	0,9	333
Greining, örorkumat TR***							
	Geð	51,6	8,2	37,5	2,2	0,5	184
	Stoðkerfi	75,5	2,5	20,3	1,2	0,4	241
	Tauga- og skynfæri	82,3	3,2	14,5	0,0	0,0	62
	Áverkar og æxli	74,2	3,0	19,7	3,0	0,0	66
	Þroski og meðfædd	47,1	20,6	32,4	0,0	0,0	34
	Hjarta-, æða- öndun	72,0	2,0	18,0	6,0	2,0	50
	Annað/blandað	69,8	4,7	20,9	4,7	0,0	43

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 13: Þeir sem búa í eigin húsnæði, eftir kyni, hjúskaparstöðu, aldri, aldri við örorkumat, og greiningu TR. Hlutfalls % innan hvers liðs.


3. Lífskjör öryrkja



Mynd 14: Þeir sem búa í leiguhúsnæði, eftir kyni, hjúskaparstöðu, aldri, aldri við örorkumat, og greiningu TR. Hlutfall% innan hvers liðs.


Þegar borin er saman húsnæðisstaða öryrkja samkvæmt „Könnun á högum öryrkja 2008-2009“ og þjóðarinnar samkvæmt „Húsnæðiskönnun 2007“, þá má sjá að hlutfallslega búa mun fleiri öryrkjar í leiguhúsnæði en gerist hjá þjóðinni almennt og munurinn er meiri meðal karla en kvenna (Mynd 15).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 15: Þeir sem búa í leiguhúsnæði, samanburður á öryrkjum og þjóð eftir kyni.

Ef húsnæðisstaða öryrkja og þjóðar er skoðuð og borin saman eftir aldri, kemur í ljós að almennt fækkar leigjendum hlutfallslega eftir því sem aldur hækkar en eftirtektarvert er að meðal öryrkja er þó lítinn sem engan mun að sjá á hlutfallslegum fjölda leigjenda á aldrinum milli þrítugs og fertugs og þeirra sem eru milli fertugs og fimmtugs, en meðal þjóðarinnar er þar mikill munur á (Mynd 16).




Mynd 16: Hlutfallslegur fjöldi í viðkomandi aldurshópi sem býr í leiguhúsnæði. Samanburður á öryrkjum og þjóð eftir aldri. - ATH að hópur 55 ára og eldri nær aðeins fram til 67 ára meðal öryrkja en 88 ára hjá þjóð í Húsnæðiskönnun 2007.

Hafa ber í huga við þennan samanburð að meðal 30-39 ára öryrkja þá búa rúm 17% hjá foreldrum, ættingjum eða við aðra húsnæðisstöðu en leigu eða eigin húsnæði.

3. Lífskjör öryrkja

Samkvæmt húsnæðiskönnuninni 2007 þá virðist sem almennt búi 90% þjóðarinnar, sem orðnir eru fertugir eða eldri, í eigin húsnæði. Meðal öryrkja er hlutfall þeirra sem búa í eigin húsnæði hins vegar mun lægra eða 66% í hópi þeirra sem eru 40-54 ára. Elsti aldurshópurinn 55 ára og eldri er ekki fyllilega samanburðarhæfur þar sem öryrkjaópurinn nær aðeins til 66 ára aldurs en Húsnæðiskönnunin 2007 náði til 88 ára aldurs og í elstu aldurshópnum er farið að draga úr fjölda þeirra sem búa í eigin húsnæði (Mynd 17).




*Mynd 17: Hlutfallslegur fjöldi í viðkomandi aldurshópi sem býr í eigin húsnæði.
- ATH að hópur 55 ára og eldri nær aðeins fram til 67 ára aldurs meðal öryrkja, en 88 ára hjá þjóð samkvæmt Húsnæðiskönnun 2007.*

Rúmlega helmingur þeirra öryrkja sem búa í leiguhúsnæði, leigir í félagslegu húsnæðiskerfi (38,3%) eða í húsnæði Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalags Íslands (11,4%). Hlutfall þeirra sem leigja í húsnæði Brynju hússjóðs virðist heldur lægra en ætla má, en skýringa er ef til vill að leita í því að nokkuð af húsnæði í eigu sjóðsins er framleigt af sveitarfélögum og skila leigutakar sér e.t.v. í þeim hópi. Við samanburð á þjóð og öryrkjum sést að öryrkjar leigja í verulega meira mæli hjá sveitarfélagi en á við um þjóðina almennt. Undir flokkinn „félagasamtök/stúdentaíbúðir“ fellur húsnæði á vegum Brynju hússjóðs. Þeir sem fylla þennan flokk hjá þjóðinni búa margir hverjir í stúdentaíbúðum. Flokkurinn annað er nokkuð stór hjá þjóðinni, en þar er helst um að ræða þá sem leigja hjá ættingjum (Mynd 18).


Við þennan samanburð ber að hafa í huga að öryrkjar eru vitaskuld hluti þjóðarinnar og upplýsingar um þá vega því inni í þjóðartölum, en svo virðist sem öryrkjar séu um 15% þeirra fullorðnu íbúa landsins sem búa í leiguhúsnæði.

3. Lífskjör öryrkja




Mynd 18: Hvar er leigt? Samanburður á öryrkjum samkvæmt „Könnun á högum öryrkja 2008“ og þjóð samkvæmt „Húsnæðiskönnun 2007“.

Þegar lítið er til örorkuhópa sést að þá sem eru með geðrænan vanda er að finna í hærri hlutfalli meðal leigjenda í félagslega húsnæðiskerfinu og hjá Brynju, hússjóði ÖBÍ en á almennum leigumarkaði. Hæsta hlutfall þeirra sem eru með meðfædda fötlun eða þroskahömlun og búa í leiguhúsnæði, er að finna hjá Brynju hússjóði. Hafa ber í huga að „annað“ leiguhúsnæði telur fáa einstaklinga (Mynd 19).




Mynd 19: Hlutfall örorkuhópa eftir leigusala.

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 20: Hvernig hentar núverandi húsnæði, eftir kyni.


Núverandi húsnæði hentar meirihluta svarenda vel. Hlutfallslega fleiri konum hentar húsnæðið mjög vel en fleiri körlum mjög illa (Mynd 20).



Mynd 21: Hvernig hentar núverandi húsnæði, eftir því hvort um er að ræða eigin húsnæði eða leigu.


Helmingi þeirra sem búa í eigin húsnæði hentar húsnæðið mjög vel en aðeins þriðjungur þeirra sem búa í leiguhúsnæði, 26% þeirra sem búa í leiguhúsnæði hentar húsnæðið illa (Mynd 21).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 22: Hvernig hentar núverandi húsnæði, eftir því hjá hverjum er leigt.


Af þeim sem búa í leiguhúsnæði þá hentar húsnæðið illa hjá um 30% þeirra sem leigja á almennum markaði. Lægsta hlutfall þeirra sem hentar húsnæðið illa er að finna hjá leigjendum Brynju, hússjóðs ÖBÍ (Mynd 22).



Mynd 23: Hvernig hentar núverandi húsnæði, eftir örorkugreiningu.


Hæsta hlutfall þeirra sem finnast núverandi húsnæði henta sér mjög vel er að finna í hópi þeirra sem búa við þroskahömlun eða meðfædda fötlun. Hjá þeim sem hafa hjarta-, æða-öndunarfærasjúkdóma þá skiptir í tvö horn, húsnæðið hentar vel eða illa og þar er að finna hæst hlutfall þeirra sem húsnæðið hentar illa, hafa má í huga að þetta er einnig elsti hópurinn bæði að árum og aldri við örorkumat (Mynd 23).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 24: Hvernig hentar húsnæðið, eftir aldri.

Þeir sem eru á miðjum aldri eru síður sáttir við húsnæði sitt en aðrir aldurshópar, um 20% þeirra sem eru 30 - 39 ára hentar núverandi húsnæði illa (Mynd 24).




Mynd 25: Hvernig hentar núverandi húsnæði, eftir hjúskaparstöðu.

Þeim sem eru giftir þykir núverandi húsnæði henta hvað best, en fráskildum hentar núverandi húsnæði illa í hærra hlutfalli en hjá öðrum hópum. Þarna er að finna marktækan mun (Mynd 25).


Ekki er að finna verulegan mun á því hvernig núverandi húsnæði hentar, eftir því hvort börn eru á heimilinu eða ekki. Þó má sjá að meðal þeirra sem ekki búa með börnum skiptir frekar í

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 26: Hvernig hentar núverandi húsnæði, hlutfall þeirra sem búa með öðrum í heimili eftir því hvort barn innan 18 ára aldurs er á heimilinu.


tvö horn, þar hentar húsnæðið annars vegar hlutfallslega fleirum mjög vel og hins vegar fleirum mjög illa, ef miðað er við hóp þeirra sem eru með börn á heimili (Mynd 26). Líklegt má telja að hjúskaparstaða eigi hér hlut að máli.



Mynd 27: Hvernig hentar núverandi húsnæði, eftir því hvort aðgengi hefur áhrif á þátttöku í samfélaginu.


Í hópi þeirra sem aðgengi skiptir máli er mun hærra hlutfall fólks sem finnst núverandi húsnæði henta sér illa (21%), en meðal þeirra sem aðgengi hefur ekki áhrif á, en þar er þetta hlutfall 11% (Mynd 27).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 28: Hversu vel hentar núverandi húsnæði, hlutfall eftir eigin mati á heilsu.


Í ljós kemur að marktækt samband er á milli þess hversu vel eða illa húsnæði svarenda hentar þeim og mats þeirra á eign heilsu, fjárhagsafkomu og ánægju með lífið. Hjá þeim sem telja núverandi húsnæði henta sér mjög vel þá er sambandið mjög skýrt, þeir meta heilsu sína mjög góða og eru mjög ánægðir með fjárhag sinn og lífið almennt þessa dagana (Mynd 28, 29 og 30).



Mynd 29: Hversu vel hentar núverandi húsnæði, hlutfall eftir ánægju með fjárhagsafkomu.


Athyglisvert er að þegar hagar þeirra sem segja núverandi húsnæði henta sér mjög eða frekar illa er skoðaður nánar þá kemur í ljós að hlutfall þeirra sem meta heilsu sína mjög góða, en telja húsnæðið henta sér frekar illa er með hærri móti, hærri en þeirra sem segja heilsu sína slæma. Hér verður að hafa í huga að hópur þeirra sem telja heilsu sína mjög góða er mjög lítill (5,2%), en þeir sem yngstir eru við örorkumat, þeir sem eru með meðfædda fötlun og þeir sem eru með geðrænan vanda fylla í hlutfallslega mestum mæli þennan hóp (Mynd 28).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 30: Hversu vel hentar núverandi húsnæði, hlutfall eftir ánægju með lífið.

Um 31% svarenda hyggur á breytingar á húsnæðisstöðu sinni. Þegar spurt var hvaða breytingar þeir hefðu í hyggju þá var gefinn kostur á fleiri en einu svari og er því samanlagt hlutfall svarenda yfir 100%. Flestir hugðu á íbúðakaup, en 21% hugðist fá leigða íbúð í félagslega kerfinu eða hjá Brynju, hússjóði ÖBÍ og 7% stefndu að því að komast í þjónustuíbúð eða á sambylí. Eitthvað



Mynd 31: Hvaða breytingar hyggst þú gera á húsnæðisstöðu þinni?


annað er óljós flokkur, ef til vill má túlka það sem svo að fólk hyggi á breytingar en óljóst sé hverjar, eins gæti undir þessum flokki verið fólk sem hyggst fá leigt hjá ættingjum eða vinum eða jafnvel flytja úr landi (Mynd 31).

3. Lífskjör öryrkja

3.2 Afkoma og tekjur

Eins og áður hefur komið fram, þá fengu allir þátttakendur spurningalistann sendan heim nokkru áður en spurningarnar voru bornar upp símleiðis eða þeim gafst kostur á að svara rafrænt. Þannig gafst svarendum tækifæri til að undirbúa svör sín, sem er mikilvægt ekki síst þegar fólk gefur upplýsingar um framfærslu sína og tekjur og erfitt getur verið að hafa slíkar upplýsingar á takteinum án fyrirvara. Þetta á ekki síst við um þennan hóp þar sem tekjur öryrkja eru líklegar til að koma úr mörgum áttum og vera háðar samspili breytilegra þátta. Þegar þátttakendur voru spurðir hvernig framfærslu þeirra væri háttað, þá fengu þeir uppgefna marga kosti á svörum. Lagt var upp með að rannsóknin næði til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, því má búast við að allir svarendur fái annað hvort örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Reyndar er samanlagt hlutfall þessara liða yfir 100% sem bendir til þess að einhverjir telji sig fá hvoru tveggja sem vart fær staðist.

Launafólk og fólk með eigin atvinnurekstur er 27% svarenda, 58% þeirra sem svara fá greiðslur úr lífeyrissjóði og tæp 6% fá framfærslustyrk frá sveitarfélagi sínu. Margir svarenda segjast fá fjárhagslegan stuðning frá fjölskyldu sinni. Svarendur nefndu allt sem við átti, því er samanlagt hlutfall yfir 100% (Mynd 32).




Mynd 32: Hvernig framfærslu svarenda er háttað.

Upplýsingar um tekjur þátttakenda byggja á þeirra eigin svörum við spurningunni „Hverjar voru heildartekjur þínar, fyrir skatt, í síðasta mánuði“? Þar sem áður var búið að leggja fyrir og svara til um hina ýmsu möguleika á framfærslu, þá má ætla að svarendur hafi átt auðveldara en ella með að hafa alla þætti tekna sinna í huga. Þó er einn hængur á, því fjármagnstekjur voru ekki sérstaklega nefndar sem framfærslumöguleiki, því kunna þær í einhverjum tilvikum að hafa gleymst sem tekjustofn í svörum fólks um tekjur í síðasta mánuði. Þar sem fjármagnstekjur geta skert lífeyri öryrkja, þá er ekki ólíklegt að sumir svarenda, sem ekki hafa áttað sig á þessum tekjustofni, séu að endurgreiða Tryggingastofnun ofgreiðslur, þann mánuð sem spurt er um. Einnig er hugsanlegt að fólk geri sér ekki grein fyrir, eða þekki ekki tekjur sínar fyrir skatt og hafi því aðeins tekjur sínar eftir skatt á reiðum höndum.

3. Lífskjör öryrkja


Rétt er að hafa þessa fyrirvara í huga þegar fjallað er um upplýsingar fólks um eigin tekjur, ekki síst þegar um er að ræða samsett og að margra mati ógagnsætt kerfi lífeyris og tekjutengingar. Þessi óvissa um áreiðanleika upplýsinga breytir þó litlu um gildi þeirra í innbyrðis samanburði á hinum ýmsu hópum svarenda. Einnig er rétt að hafa í huga að flestir þátttakendur voru spurðir síðari hluta árs 2008, en lágmarksframbærslutrygging öryrkja hækkaði 1. janúar 2009 í 190 þúsund krónur úr 150 þúsund króna lágmarki sem sett var 1. september 2008 (sjá erindi Stefáns Ólafssonar, Staða lífeyrisþega í kreppunni, sjá vef Þjóðmálastofnunar <http://www.thjodmalastofnun.hi.is/>). Því er eðlilegt að uppgæfnar tekjutölur könnunarinnar séu lægri en nú er.

Heildartekjur svarenda fyrir skatt voru að meðaltali tæpar 175 þúsund krónur og miðgildi þeirra um 150 þúsund krónur, þ.e. helmingur var með undir 150 þúsund. Tekjur karla voru að meðaltali rúmar 196 þúsund krónur og marktækt hærri en meðaltekjur kvennanna, sem voru tæpar 175 þúsund krónur (Mynd 33).



Mynd 33: Meðaltal heildartekna svarenda, síðastliðinn mánuð, fyrir skatt, eftir kyni, byggt á svörum þátttakenda.

3. Lífskjör öryrkja




Mynd 34: Heildartekjur svarenda sl. mánuð, fyrir skatt. Hlutfallslegur fjöldi eftir tekjuflokkum.

Þegar nánar er skoðað sést að mikill meirihluti svarenda eða tæp 73% segist hafa verið með minna en 200 þúsund krónur í heildartekjur (fyrir skatt) á mánuði og 42% undir 150 þúsund krónum (Mynd 34).

Til samanburðar má nefna að lágtekjumörk ráðstöfunartekna árið 2008 samkvæmt Hagstofu Íslands voru 160.800 fyrir einstakling, en 337.700 fyrir heimili tveggja fullorðinna með tvö börn. Til frekari samanburðar má líta til þess að samkvæmt upplýsingum á vef ríkisskattstjóra fyrir árið 2008 var meðaltal heildartekna hjá samsköttuðum einstaklingum yngri en 67 ára 618 þúsund á mánuði hjá körlum en 304 þúsund hjá konum. Hjá einhleypum 30-66 ára var meðaltal heildartekna 360 þúsund. Þessar tölur ná til allra skattskyldra tekna fólks, einnig fjármagnstekna. Ætla má að háar meðaltekjur samskattaðra karla megi að nokkru leyti rekja til fjármagnstekna sem og ofurlauna ákveðinna hópa á þessum tíma.


Eins og fyrr segir þá eru tengsl á milli tekna svarenda og kyns, 69% karlanna og 74% kvennanna segjast hafa verið með undir 200 þúsund krónum í tekjur. Konur voru í merkjanlega hærra hlutfalli en karlar með lægstu tekjurnar, en 44% kvennanna voru með tekjur undir 150 þúsund krónum. Karlar voru aftur á móti hlutfallslega mun fleiri en konur með 250 þúsund eða meira í tekjur, eða 17% þeirra (Mynd 35).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 35: Heildartekjur svarenda á mánuði, hlutfallslegur fjöldi eftir tekjuflokkum og kyni, eigin svör.


Tengsl hjúskaparstöðu og tekna svarenda eru vel marktæk og munur á tekjum kynjanna skerpist við að skoða þessi tengsl. Einkum er sterkt samband á milli tekna kvenna og hjúskaparstöðu þeirra. Á heildina litið eru það einkum giftar konur, en einnig einhleypir karlar, sem skera sig úr



Mynd 36: Tekjuflokkar kvenkyns svarenda, hlutfall innan flokka eftir hjúskaparstöðu.


í neðstu tekjuflokkunum. Giftar konur eða í sambúð eru 55% allra kvenkyns svarenda, en athygli vekur að þær eru 75% þeirra kvenna sem voru með tekjur undir 150 þúsund krónum, en aðeins 42% þeirra kvenna sem voru með tekjur 150-249 þúsund krónur. Af þeim 9% kvenna sem voru með yfir 250 þúsund krónur í mánaðartekjur þá eru 48% giftar eða í sambúð (Mynd 36).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 37: Tekjuflokkar karlkyns svarenda, hlutfall innan flokka eftir hjúskaparstöðu.


Kvæntir karlar eða í sambúð eru 49% allra karlkyns svarenda, en þeir eru 46% þeirra karla sem voru með tekjur undir 150 þúsund krónum. Af þeim 17% karla sem voru með 250 þúsund krónur eða meira í heildartekjur á mánuði eru 71% giftir eða í sambúð (Mynd 37).



Mynd 38: Meðal heildartekjur svarenda á mánuði, eftir fjölskyldugerð.


Þegar lítið er til fjölskyldugerðar sést að þeir sem búa einir hafa að meðaltali hæstar tekjur, en þeir sem eru giftir eða í sambúð og búa án barna hafa að meðaltali lægstar tekjur (Mynd 38). Lífeyriskerfi almannatrygginga greiðir þeim sem búa einir hærri lífeyri en hvoru hjóna eða sambýlisfólki.

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 39: Heildartekjur svarenda á mánuði, hlutfallslegur fjöldi eftir tekjuflokkum, hjúskaparstöðu og börnum innan 18 ára aldurs á heimili.

Meirihluti (66%) einhleypra eða fráskilinna sem eru með börn innan 18 ára aldurs á heimilinu voru með tekjur innan við 200 þúsund á mánuði og 91% þeirra voru með tekjur innan við 250 þúsund. Eins og áður hefur komið fram er hér að lang mestu leyti um konur, þ.e. einstæðar mæður, að ræða (Mynd 39). Af þeim sem höfðu innan við 150 þúsund krónur í tekjur á mánuði þá búa 26% karlanna og 6% kvennanna á heimili með öðrum en sínum nánustu.



Mynd 40: Meðaltal heildartekna svarenda sl. mánuð, eftir aldurshópum.

Marktækur munur er á tekjum svarenda eftir aldri, en rétt er að benda á að eldri svarendur virðast vera fúsari en þeir yngri til að svara til um tekjur sínar. Nú sem fyrr þarf að hafa í huga aldursdreifingu svarenda, en 62% þeirra sem tilgreina tekjur eru 50 ára eða eldri. Þessi hópur fyllir í hlutfallslega meira mæli en þeir yngri neðstu tekjuhópna og eru 72% þeirra svarenda sem voru með tekjur undir 150 þúsund krónum eða 65% tekjulægstu karlanna og 76% tekjulægstu


3. Lífskjör öryrkja

kvennanna. Af þeim tekjuhærri, með 250 þúsund krónur eða meira í tekjur á mánuði, þá eru 52% undir fimmtugu (Mynd 40).

Mikilvægt er að taka það fram að hærri meðaltal tekna þess hóps sem yngstur er að aldri og einnig hóps þeirra sem yngstir voru við örorkumat, má að einhverju leyti skýra með því að í þessum fámennu hópum er að finna nokkra einstaklinga sem voru tekjuhæstir allra svarenda, þeir hækka því meðaltal þessara hópa verulega.


Miðgildi tekna þeirra sem eru á aldrinum 16-29 ára er 156 þúsund krónur, þ.e. helmingur var með tekjur undir 156 þúsundum samanborið við 150 þúsund hjá svarendum í heild. Þennan mun má ef til vill að einhverju leyti rekja til aldurstengingar lífeyris, auk þess sem þeir yngri eru líklegri en hinir eldri til þess að vera einhleypir og fá hærri lífeyrisgreiðslur vegna heimilisuppbótar.

Tengsl tekna svarenda og aldurs þeirra við örorkumat eru marktæk. Tekjulægstur var hópur þeirra sem voru sextíu ára eða eldri við örorkumat. Þeir voru að meðaltali með tæpar 159 þúsund krónur í heildartekjur á mánuði og 79% þeirra voru með tekjur undir 200 þúsund krónum. Þeir sem yngstir voru metnir til örorku eru hlutfallslega fjölmennastir í efstu tekjuhópunum. Þeir voru að meðaltali með rúmar 197 þúsund krónur í heildartekjur á mánuði og 22% þeirra með 250 þúsund eða meira í tekjur á mánuði (Myndir 41 og 42).




Mynd 41: Meðaltal heildartekna svarenda á mánuði, eftir aldri við örorkumat.

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 42: Hlutfall tekjuhópa svarenda eftir aldri við örorkumat.


Þeir svarendur sem búa við meðfædda fötlun og þeir sem fengið hafa greiningu um tauga- eða skynfærasjúkdóm hafa að meðaltali hæstar tekjur meðal greiningarhópa. Líta ber til fjölda í hópunum (Mynd 43).



Mynd 43: Meðaltekjur svarenda, eftir örorkugreiningu.


Marktakur munur er á tekjum svarenda eftir því hvaða námi þeir höfðu lokið áður en til örorkumats kom, háskólagengnir eru þar best settir, 66% þeirra voru með 200 þúsund eða meira í heildartekjur á mánuði. Tekjulægsta hópin fylla þeir sem höfðu lokið landsprófi eða gagnfræðaprófi, tenging þessa námshóps er mjög sterk við aldur, þar sem þessar prófgráður eru komnar nokkuð til ára sinna. Einnig vekur athygli að þeir sem lokið hafa iðnmenntun eru næst tekjulægsti menntunarhópurinn, en 83% þeirra voru með heildartekjur undir 200 þúsund krónum

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 44: Hlutfall tekjuhópa svarenda eftir því hvaða námsstigi þeir höfðu lokið (efsta stig) áður en þeir urðu lífeyrisþegar.


á mánuði (Mynd 44). Aldur kann þarna einnig að hafa sitt að segja þar sem 76% þessa hóps er 50 ára eða eldri. Þessa tvo tekjulægstu menntunarahópa fylla þannig einkum þeir sem einnig fylla í hlutfallslega mestum mæli tvo elstu aldurshópana.



Mynd 45: Hlutfall tekjuhópa svarenda eftir því hvort þeir hafa lokið einhverju námi eftir að þeir urðu lífeyrisþegar eða ekki.

Merkjanlegur en þó ekki marktækur munur er á tekjum svarenda eftir því hvort þeir hafa stundað eitthvað nám eftir að þeir urðu lífeyrisþegar, þeir sem hafa bætt við menntun sína eru í heldur hærri hlutfalli í efstu tekjuflokkunum og síður í þeim neðstu (Mynd 45).

3. Lífskjör öryrkja




Mynd 46: Hlutfall tekjuhópa svarenda eftir því hvort svarendur höfðu verið í launavinnu á sl. 6 mánuðum eða ekki.

Þeir sem stundað hafa launavinnu á síðastliðnum 6 mánuðum eru hlutfallslega mun fleiri í hærri tekjuhópunum. Þeir voru að meðaltali með rúmlega 221 þúsund krónur í heildartekjur á mánuði og 28% þeirra voru með 250 þúsund eða meira, en það á aðeins við um 5% þeirra sem ekki hafa verið í vinnu (Mynd 46).


Viðhorf til fjárhagsafkomu

Á heildina litið þá er tæpur helmingur svarenda (48%) óánægður með fjárhagsafkomu sína (Mynd 47). Konur eru sýnu óánægðari en karlar, en 32% kvennanna og 25% karlanna eru mjög óánægð með fjárhagsafkomuna.



Mynd 47: Hversu ánægðir eru svarendur með fjárhagsafkomu sína.

3. Lífskjör öryrkja




Mynd 48: Erfiðleikar með að greiða hin venjulegu útgjöld, hlutfall eftir kyni.

Hátt í helmingur svarenda eða 44% segja það hafa komið fyrir á síðastliðnum 12 mánuðum að hann eða fjölskylda hans hafi átt í erfiðleikum með að greiða hin venjulegu útgjöld, t.d. mat, ferðir, húsnæði o.þ.h. Þetta er svipaður fjöldi og þeirra sem voru óánægðir með fjárhagsafkomu sína. Marktækt fleiri konur en karlar hafa átt í erfiðleikum með að standa undir venjulegum útgjöldum (Mynd 48).


Til samanburðar má geta þess að í Húsnæðiskönnun Þjóðmálastofnunar 2007 var þessi sama spurning, um erfiðleika við að greiða hefðbundin útgjöld, lögð fyrir. Í þeirri könnun sögðust tæp 12% svarenda hafa átt í slíkum greiðsluerfiðleikum.

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 49: Meðaltal heildartekna á mánuði, eftir því hvort svarendur hafa átt í erfiðleikum með að greiða hin venjulegu útgjöld.


Meðaltal heildartekna þeirra öryrkja sem segjast hafa átt í erfiðleikum með hefðbundin útgjöld var rúm 170 þúsund krónur en rúm 179 þúsund hjá þeim sem segjast ekki hafa átt í slíkum erfiðleikum (Mynd 49).



Mynd 50: Erfiðleikar með að greiða hin venjulegu útgjöld, eftir hjúskaparstöðu.

Marktækur munur er á afkomu eftir hjúskaparstöðu og fráskildir eru þar í verstri stöðu, en 57% fráskilinna karla og 70% fráskilinna kvenna segjast hafa átt í erfiðleikum með að greiða hin venjulegu útgjöld. Giftir standa best að vígi en því næst einhleypir karlar. Einhleypar konur eiga erfiðara en einhleypir karlar með að ná endum saman (Mynd 50).

3. Lífskjör öryrkja




Mynd 51: Erfiðleikar með að greiða hin venjulegu útgjöld, hlutfall eftir kyni og fjölda barna innan 18 ára á heimilinu.

Barn á heimili setur stórt strik í reikninginn hvað afkomu varðar, þar sem heimili með börn innan 18 ára aldurs stendur marktækt verr að vígi en þau sem ekki eru með börn innan 18 ára, einkum eiga mæðurnar erfitt uppdráttar (Mynd 51). Þegar nánar er að gætt má sjá að 82% þeirra kvenna sem hafa átt erfitt með að greiða hin venjulegu útgjöld eru með barn innan 18 ára aldurs á heimilinu, en 55% karla í sömu stöðu.


Til að athuga þetta samhengi betur er sett fram tilgáta, byggð á ofangreindum upplýsingum, um að barneign hafi afgerandi áhrif á hvernig fólki gengur að standa straum af helstu útgjöldum. Þegar tekið hefur verið tillit til hjúskaparstöðu og kyns, kemur í ljós að börn á heimili hafi áhrif á afkomu heimilisins.

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 52: Erfiðleikar með að greiða hin venjulegu útgjöld, hlutfall eftir aldri.


Aldur hefur einnig sitt að segja og marktækur munur er á aldurshópum þegar spurt er um afkomu. Þeir elstu eiga hlutfallslega fæstir í erfiðleikum með að greiða venjuleg útgjöld. Í öllum öðrum aldurshópum hefur um eða yfir helmingur svarenda átt í erfiðleikum með að ná endum saman (Mynd 52).



Mynd 53: Erfiðleikar með að greiða hin venjulegu útgjöld, hlutfall eftir aldri við örkumat.

Máli skiptir fyrir afkomuna hvenær ævinnar fólk hlýtur örorku og er marktækur munur þar á. Þeir svarenda sem fengu örorkumat fyrir tvítugt eða eftir fimmtugt virðast síður eiga í erfiðleikum með útgjöldin en þeir sem fengu örorkumat milli tvítugs og fimmtugs. Hæst er hlutfall þeirra sem átt hafa í erfiðleikum, í hópi þeirra sem fékk örorkumat á aldrinum 30-39 ára, en 58% þeirra segja það hafa komið fyrir á síðastliðnum 12 mánuðum að þau hafi átt í erfiðleikum með að greiða hin venjulegu útgjöld (Mynd 53).

3. Lífskjör öryrkja




Mynd 54: Erfiðleikar með að greiða hin venjulegu útgjöld, hlutfall eftir örorkugreiningu.

Marktæk tengsl eru á milli greiningar til örorkumats og þess hversu erfitt svarendum reynist að mæta venjulegum útgjöldum. Hópur þeirra sem eru með geðgreiningu er hlutfallslega stærstur þeirra sem átt hafa í efðleikum með að mæta útgjöldum eða 52%. Því næst koma hópar þeirra sem eiga við stoðkerfissjúkdóma að etja og þeir sem hlotið hafa örorku vegna áverka eða æxla. Tveir fyrst nefndu hóparnir eru jafnframt stærstu hópar öryrkja eða samtals um 63% þeirra (Mynd 54).


Lífeyrissjóður

Afkoma margra örorkulífeyrisþega byggist meðal annars á réttindum þeirra í lífeyrissjóði, þaðan kemur hluti tekna þeirra sem þar eiga inni og rúm 71% svarenda segjast eiga slík réttindi. Athygli vekur að rúmlega 11% aðspurðra segjast ekki vita hvort þeir eigi réttindi í lífeyrissjóði eða ekki (Mynd 55).



Mynd 55: Hlutfall svarenda eftir því hvort þeir telja sig eiga réttindi í lífeyrissjóði eða ekki.


3. Lífskjör öryrkja



Mynd 56: Hlutfall þeirra sem telja sig eiga réttindi í lífeyrissjóði, eftir aldri og kyni.

Karlar virðast fremur eiga réttindi í lífeyrissjóði en konur, en þeir virðast einnig vita síður en konur hvort þeir eigi slík réttindi. Þetta fer þó eftir aldri þar sem yngri karlar, undir fimmtugt, og konur yfir fimmtugt eru líklegust til að vita ekki hvort þau eigi slík lífeyrissjóðsréttindi. Sá hópur þar sem hlutfallslega fæstir virðast vita um réttindi sín eru karlar undir fertugt.


Nokkur munur eftir aldri og kyni er á því hvort svarendur telja sig eiga réttindi í lífeyrissjóði eða ekki, því eldri sem svarendur eru þeim mun líklegri eru þeir til þess. Í yngsta aldurshópnum, yngri en 30 ára, eru hlutfallslega fáir sem telja sig eiga lífeyrissjóðsréttindi og svipað hlutfall hjá kynjum. Í næsta aldurshópi eru hlutfallslega mun fleiri konur en karlar sem telja sig eiga réttindi. Eftir það eru karlar með vinninginn (Mynd 56).



Mynd 57: Hlutfall þeirra sem telja sig eiga réttindi í lífeyrissjóði, eftir aldri við örorkumat.

3. Lífskjör öryrkja


Aldur við örorkumat skiptir miklu máli hvað varðar réttindi til lífeyris. Mikill munur er á þeim sem fengu örorkumat fyrir þrítugt og hinum sem komnir voru um og yfir fimmtugt við þau tímamót. Í hópi þeirra sem yngstir voru við örorkumat eru 58% sem telja sig ekki eiga lífeyrisréttindi eða vita ekki hvort svo er. Þetta hlutfall er einnig mjög hátt hjá þeim sem fengu metna örorku milli tvítugs og þrítugs eða 51%. Ekki er ólíklegt að skýring felist meðal annars í því að atvinnuþátttaka þeirra sem yngstir voru við örorkumat hafi í hærra hlutfalli, en hjá þeim sem eldri voru við örorkumat, verið í verndaðri vinnu þar sem lífeyrisréttindi starfsmanna hafa verið takmörkuð (Mynd 57).



Mynd 58: Hlutfall þeirra sem telja sig eiga réttindi í lífeyrissjóði, eftir örorkumatsgreiningu.

Ef litið er til lífeyrisréttinda út frá örorkugreiningu þá má sjá að þeir sem hafa greiningu til örorku vegna geðsjúkdóma og þeir sem hafa meðfædda fötlun telja sig hlutfallslega fæstir eiga réttindi í lífeyrissjóði, þeir sem hafa meðfædda fötlun eru einnig með hæst hlutfall þeirra sem ekki vita hvort þeir eiga slíkan rétt (Mynd 58).


3. Lífskjör öryrkja



Mynd 59: Hlutfall þeirra sem hafa nýtt sér lífeyrisréttindi sín, af þeim sem telja sig eiga lífeyrisréttindi.

Af þeim 71% svarenda sem telja sig eiga réttindi í lífeyrissjóði þá hafa aðeins 74% nýtt sér lífeyrissjóðsréttindi sín eða alls um helmingur allra svarenda (Mynd 59)

Þetta hlutfall er svipað hjá körlum og konum þegar litið er til heildarinnar og vaxandi eftir því sem aldurinn hækkar. Þegar litið er til aldurshópa þá kemur nokkur kynjamunur í ljós. Hann er



Mynd 60: Hlutfall þeirra sem hafa nýtt sér lífeyrisréttindi sín, af þeim sem telja sig eiga lífeyrisréttindi, eftir kyni og aldri.

marktækur í hópnum innan við 30 ára, sem reyndar er hlutfallslega lítill, þar hafa konurnar nýtt sér réttindi sín mun frekar en karlarnir. Marktækur munur er einnig í aldurshópnum 40–49 ára, þar hafa karlarnir nýtt rétt sinn mun frekar en konur (Mynd 60).

3. Lífskjör öryrkja

3.3 Heilsufar og orsök örorku


Auk þess sem þátttakendur eru spurðir hver færniskerðing eða sjúkdómur þeirra er, þá eru einnig fengnar forskráðar upplýsingar hjá Tryggingastofnun ríkisins um þá greiningu sem liggur að baki örorkumati eða mati til endurhæfingarlífeyris. Þegar þessar upplýsingar eru bornar saman er rétt að hafa í huga að langur tími kann að hafa liðið frá því að örorkumat fór fram, auk þess sem upplýsingar TR ná aðeins til einnar (fyrstu) greiningar, en svarið máttu nefna fleiri en eina greiningu. Upplifun einstaklingsins á færniskerðingu sinni eða sjúkdómi (Tafla 5) getur einnig verið önnur en fram kemur í greiningu TR sem helstu ástæðu örorku (Mynd 63). Sjón og heyrn kann að hafa daprast og ýmsir sjúkdómar gert vart við sig, aðrir en þeir sem í fyrstu lágu að baki örorkumati TR. Rót örorku að eigin mati mjög margra (65%) svarenda er að finna í stoðkerfi þeirra og þegar þeir sem tilgreina stoðkerfisvanda eru spurðir nánar kemur fram að 43% þeirra segjast vera með gigt, þar af eru konur í miklum meirihluta eða 83%.

Tafla 5: Ástæða örorku, eigin svör svarenda könnunarinnar.

	Fjöldi	Hlutfall svara	Hlutfall svarenda
Geðröskun	243	14,4	33,1
Stoðkerfi	475	28,2	64,7
Heyrnarskerðing	49	2,9	6,7
Sjónskerðing	77	4,6	10,5
Proskafrávik	42	2,5	5,7
Áverkar	177	10,5	24,1
Hjarta- eða æðasjúkdómar	135	8,0	18,4
Aðrir sjúkdómar	274	16,3	37,3
Eitthvað annað	213	12,6	29,0
Alls	1685	100	229,5*


*Svarendur sem eru 756 mega nefna allt sem við á, því er hlutfall yfir 100%.

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 61: Hlutfall þeirra innan örorkuflokka, sem einnig nefna stoðkerfisvanda sem orsök örorku sinnar, eigin svör.


Þar sem svarendur nefndu fleiri en eina fötlun þá er áhugavert að skoða hvað fór helst saman. Í ljós kemur að stoðkerfisvandi kemur þar oftast við sögu enda lang fjölmennasta ástæða örorku svarenda ef byggt er á þeirra eigin mati. Meirihluti svarenda í hópum þeirra sem nefna geðröskun, heyrnarskerðingu, sjónskerðingu, áverka eða hjarta- og æðasjúkdóma sem ástæðu örorku sinnar nefna einnig stoðkerfið (Mynd 61).



Mynd 62: Hlutfall innan örorkuflokka, þeirra sem einnig nefna geðröskun sem orsök örorku sinnar, eigin svör.


Geðröskun er næst algengasta orsök örorku svarenda byggt á þeirra eigin mati, enda má sjá að um þriðjungur þeirra sem nefna aðra orsök örorku nefna einnig geðröskun. Sérstaka athygli vekur hversu stór hópur þeirra sem nefna heyrnarskerðingu nefna einnig stoðkerfisvanda eða/og geðröskun (Mynd 62).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 63: Orsök örorku svarenda, greining TR (1. greining).

Athygli skal vakin á því að samkvæmt upplýsingum TR þá er geðröskun algengasta ástæða örorku og úrtakið sem fengið var hjá TR endurspeglar það vel. En þegar greining TR á helstu orsök örorku svarenda könnunarinnar er skoðuð, þá má sjá að stoðkerfisvandi er algengasta orsök örorku þeirra og því næst geðröskun (Mynd 63). Það er í samræmi við eigin mat svarenda. Þetta




Mynd 64: Hlutfall kyns innan örorkuflokka.

bendir til þess að fólk með geðröskun hafi síður svarað könnuninni eða neitað þátttöku frekar en aðrir örorkuhópar. Þar sem við vitum að kynjahlutfall svarenda endurspeglar þýðið vel þá er skekkju ekki þar að leita, hins vegar vitum við að þeir sem eldri eru tóku frekar þátt í könnuninni en þeir yngri og skýring gæti hugsanlega að einhverju leyti legið í því.

Marktækur munur er á kynjum hvað örorkugreiningu varðar þar sem mun fleiri konur en karlar eru með stoðkerfisgreiningu eða tauga og skynfæra, en karlarnir hlutfallslega fleiri með greiningu


3. Lífskjör öryrkja



Mynd 65: Aldur svarenda við örorkumat, eftir kyni.

um geðræna sjúkdóma, hjarta- og æðasjúkdóma, áverka eða þroskafrávik/meðfædda fötlun (Mynd 64).

Ef litið er til aldurs við örorkumat sést að hátt í helmingur svarenda (48%) var metinn til örorku á aldrinum 40–60 ára. Tæp 9% fá greiningu fyrir tvítugt og tæp 10% eftir sextugt. Marktækur




Mynd 66: Hlutfall kynja innan örorkumatsaldurs svarenda.

munur er á kynjum, karlar eru í meirihluta þeirra sem fá greiningu fyrir tvítugt og einnig fá þeir í hlutfallslega meira mæli en konur greiningu eftir sextugt. Konurnar eru hins vegar í meirihluta þeirra sem fá greiningu um miðjan aldur (Mynd 65 og 66).

Marktæk tengsl eru á milli aldurs við örorkumat og greiningarflokka. Ekki kemur á óvart að tæp 60% þeirra sem eru með meðfædda fötlun, þroskaskerðingu eða skylda fötlun fá örorkugreiningu fyrir tvítugt og svo til allir þeirra eru komnir með greiningu fyrir fertugt. Næstur þeim hópi, með

3. Lífskjör öryrkja




Mynd 67: Örorkumatsflokkar, hlutfall innan flokka eftir aldri svarenda þegar þeir voru metnir til örorku.

hátt hlutfall ungra við örorkumat, eru þeir sem eru með skynfæra og taugasjúkdóma, 65% þeirra eru metnir innan fertugs. Því næst eru þeir sem fá geðgreiningu, 50% þeirra fá greiningu fyrir fertugt. Stoðkerfishópurinn er í hæstu hlutfalli metinn til örorku milli fertugs og sextugs eða 57%. Þeir sem elstir eru við örorkumat er hópurinn með hjarta-, æða- eða öndunarfærasjúkdóma (Mynd 67).

Tengsl eru marktæk milli örorkualdurs, hjúskaparstöðu, og kyns. Í öllum örorkualdurshópum eru karlar líklegri en konur til að vera einhleypir. Mestur munur er í hópunum þar sem fólk var yngst við örorkumat. Ef örorkumat var innan 20 ára aldurs eru 70% karla nú einhleypir en 52% kvenna. Milli 20 og 30 ára við örorkumat eru 53% karla nú einhleypir en 30% kvenna. Með aðhvarfsgreiningu fæst staðfest að karlarnir eru marktækt líklegri en konurnar til að vera einhleypir, jafnvel að teknu tilliti til lífaldurs og aldurs við örorkumat.

Í öllum örorkualdurshópum eru konur líklegri en karlar til að vera fráskildar og hlutfall fráskilinna kvenna að jafnaði um 10% stigum hærra en karla. Undanskilið er þó þegar mat til örorku var gert milli fertugs og fimmtugs, í þeim hópi eru 30% karla fráskildir en 26% kvenna.

3. Lífskjör öryrkja




Mynd 68: Hvernig áhrif hafði það á þig að fá úrskurð sem öryrki?

Ætla má að það séu tímamót í lífi fólks þegar það fær úrskurð um mat til fullrar örorku og viðhorf til þess blendin, enda upplifa 21% svarenda bæði tilfinningu léttis og áfalls, hugsanlega eftir bið í óvissu um stöðu sína og framfærslu. Tæplega 50% svarenda upplifa nokkuð eða mikið áfall, en 16% er létt. Endurhæfingarlífeyrisþegar meðal svarenda falla undir „á ekki við“, sumir þeirra hafa þó svarað öðru til (Mynd 68).


Eigið mat á heilsu

Meirihluta svarenda, eða um 53%, finnst heilsa sín á heildina litið vera frekar eða mjög slæm (Mynd 69).




Mynd 69: Mat svarenda á eigin heilsu.

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 70: Mat svarenda á eigin heilsu eftir kyni.


Nokkur kynbundinn munur er á mati svarenda á heilsu sinni. Hlutfallslega fleiri karlar en konur telja heilsu sína mjög eða frekar góða, en konur eru líklegri en karlar til að segja heilsu sína frekar slæma (Mynd 70).



Mynd 71: Mat svarenda á eigin heilsu, hlutfall meðal hjúskaparhópa eftir kyni.


Marktæk tengsl eru á milli hjúskaparstöðu svarenda og þess hvernig þeir meta heilsu sína. Þeir svarendur sem meta heilsu sína mjög eða frekar góða eru margir einhleypir eða 75% þeirra karla sem segja heilsu sína mjög góða og 42% þeirra sem segja hana frekar góða, en einhleypir karlar eru 34% heildar þeirra. Einhleypar konur eru um 25% þeirra kvenna sem segja heilsu sína mjög góða og 34% þeirra sem segja hana frekar góða, en einhleypar konur eru 18,5% heildar þeirra. Meðal fráskilinna, bæði karla og kvenna, er að finna hæst hlutfall þeirra sem meta heilsu sína slæma (Mynd 71).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 72: Mat svarenda á eigin heilsu eftir fjölskylduhögum.

Þeir sem búa með börnum innan 18 ára aldurs á heimilinu eru marktækt líklegri en þeir sem ekki búa með börnum til að telja heilsu sína slæma og 70% einstæðra foreldra, sem svo til eingöngu eru konur, meta heilsu sína frekar eða mjög slæma (Mynd 72).




Mynd 73: Mat svarenda á eigin heilsu, hlutfall innan örorkumatsflokka.

Af þeim körlum sem búa með öðrum í heimili og segja heilsu sína frekar eða mjög slæma þá búa 54% á heimili með börnum. Af þeim konum sem búa með öðrum í heimili og segja heilsu sína frekar eða mjög slæma þá búa 65% á heimili með börnum.

Marktæk tengsl eru á milli eigin mats á heilsu og þeirrar greiningar sem lögð er til grundvallar örorkumati TR. Þeir svarendur sem fengið hafa örorkumat byggt á stoðkerfisvanda eða afleiðingum áverka eða æxla segja í hlutfallslega mestum mæli heilsu sína slæma eða yfir


3. Lífskjör öryrkja



Mynd 74: Mat svarenda á eigin heilsu eftir aldri við örorkumat.

60% þeirra. Hlutfallslega flestir í hópi þeirra sem búa við meðfædda fötlun eða fá tauga- og skynfæragreiningu meta heilsu sína góða (Mynd 73).

Í ljós kemur marktækur munur á heilsu eftir aldri við örorkumat. Sá hópur sem þá var tvítugur eða yngri telur í mun meira mæli en aðrir hópar heilsu sína góða, því næst kemur hópur þeirra




Mynd 75: Mat svarenda á eigin heilsu eftir því hvort þeir hafa stundað launavinnu á síðastliðnum 6 mánuðum eða ekki.

sem var milli tvítugs og þrítugs þegar örorkumat fór fram. Hlutfallslega flestir þeirra sem fengu örorkumat um miðjan aldur telja sig búa við slæma heilsu (Mynd 74).

Þeir sem hafa stundað launavinnu á síðastliðnum 6 mánuðum meta, marktækt frekar en þeir sem ekki hafa verið í vinnu, heilsu sína góða og síður slæma (Mynd 75).


3. Lífskjör öryrkja



Mynd 76: Hæsta námsstig sem svarendur höfðu lokið þegar til örorkumats kom.

3.4 Menntun og atvinna


Þegar litið er til menntunarstigs svarenda sést að 72% þeirra hafa ekki lokið neinu formlegu námi á framhaldsskólastigi áður en til örorkumats kom. Rúm 40% svarenda höfðu aðeins skyldunám eða minna að baki og 32% höfðu lokið hluta náms á framhaldsskólastigi, öðru slíku námi eða stuttu starfsnámi. Rúmlega 14% höfðu lokið iðnnámi eða stúdentsprófi og 8% háskólanámi (Mynd 76).



Mynd 77: Hlutfall kyns innan námsstigsflokka áður en kom til örorkumats.


Marktækur munur er á menntun kynjanna fyrir örorkumat. Konurnar hafa í meira mæli en karlarnir aðeins skyldunám að baki. Karlarnir hafa mun frekar stundað iðnnám en konurnar bóknám og þær hafa vinninginn í háskólanámi (Mynd 77).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 78: Hlutfall aldurshópa innan námsstigsflokka.


Einnig eru ljós tengsl menntunar og lífaldurs, þar sem meðal annars vekur athygli að 73% svarenda sem lokið höfðu starfs- eða iðnnámi áður en til örorku kom fylla elstu aldurshópana, og eru nú fimmtugir eða eldri (Mynd 78).



Mynd 79: Hlutfall aldurshópa við örorkumat, innan námsstigsflokka.

Eins og vænta má þá eru þeir sem yngstir voru við örorkumat hlutfallslega margir í hópi þeirra sem aðeins höfðu skyldunám eða minna að baki þegar til örorkumats kom. Í bóklega námið skila örorkualdurshópar sér í nokkuð réttum hlutföllum nema þeir yngstu. Þeir sem eldri voru við örorku höfðu í herra hlutfalli en þeir yngri lokið iðnnámi, það sama á við um háskólanámið, nema hvað elsti aldurshópurinn sker sig úr með litlu herra hlutfall en þeir yngstu hvað háskólanám varðar (Mynd 79).

3. Lífskjör öryrkja




Mynd 80: Námi lokið fyrir örorkumat, hlutfall innan örorkuhópa

Ekki kemur á óvart að lægri aldur við örorkumat leiði af sér lægra menntunarstig við örorkumat þar sem færri ár hafa gefist til náms og snemmbúin fötlun eða heilsuleysi hefur hugsanlega einnig aftrað frá námi. Þar sem konur eru að jafnaði marktækt eldri en karlar við örorkumat og hlutfallslega færri þeirra fylla yngsta aldurshópinn, þá er ástæða til að prófa með aðhvarfsgreiningu hvort munur er á menntun kynjanna ef stjórnað er fyrir lífaldri og aldri við örorkumat. Í ljós kemur að áhrif kyns á menntun eru enn marktæk þegar tekið hefur verið tillit til lífaldurs og aldurs við örorkumat.


Marktæk tengsl eru á milli menntunar fyrir örorkumat og tegundar örorku, 3% þeirra svarenda sem greindir eru með þroskahömlun eða skylda fötlun hafa lokið einhverju námi umfram grunnmenntun. Því næst kemur hópur svarenda sem greinist með stóðkerfisvanda, en aðeins 25% þeirra hafa lokið einhverju námsstigi umfram grunnmenntun. Meðal þeirra sem greinast með geðröskun eru 36% með menntun umfram grunnmenntun, sem er hæsta hlutfall innan örorkuhópa. Í þessum örorkuhópi er ekki ólíklegt að finna megi hátt brottfall úr framhaldsskóla sem ráða má af því að 20% hópsins hefur lokið hluta framhaldsskólanáms þegar þeir fá örorkumat. Svarendur sem hlotið hafa örorku vegna áverka eða æxla hafa í hlutfallslega mestum mæli lokið iðnskóla eða 21% þeirra, en hæsta hlutfall háskólaafólks eða 19%, er í hópi þeirra sem hefur tauga- eða skynfæragreiningu til örorku (Mynd 80).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 81: Svarendur sem lokið hafa einhverju námi eftir að þeir urðu lífeyrisþegar, hlutfall eftir því hvaða námi þeir hafa lokið, eftir kyni.

Rúm 20% svarenda hafa lokið einhverju námi eftir að þeir urðu lífeyrisþegar. Flestir þeirra hafa lokið námskeiði eða stuttu starfsnámi, en tæp 9% hópsins eða 2% heildar hafa lokið iðnnámi, hlutfallslega fleiri karlar en konur. Tæp 22% þessa hóps eða rúmlega 4% heildar hefur lokið stúdentsprófi eða háskóla eftir að þeir urðu lífeyrisþegar, hlutfallslega fleiri konur en karlar (Mynd 81).



Mynd 82: Helsta ástæða sem fólk nefnir fyrir því að vera ekki á leið í nám, þó áhugi sé fyrir hendi.

Um 11% svarenda voru í námi þegar könnunin fór fram, þar af um 34% í námi til stúdentsprófs eða í háskólanámi, en það eru tæp 4% heildar.

Rúmlega helmingur þeirra svarenda, sem ekki voru í námi þegar spurt var, hefur áhuga á að afla sér frekari menntunar, en aðeins tæp 15% þess hóps segist þó vera á leið í frekara nám, karlar fremur en konur. Helsta ástæða sem fólk nefnir fyrir því að vera ekki á leið í nám, þó áhugi sé

3. Lífskjör öryrkja

fyrir hendi, er heilsuleysi, efnaleysi og skortur á þori. Ætla má að þar sem 62% svarenda telja aðra þætti en heilsuleysi sitt vera helstu hindrun í vegi til náms þá ættu aðgerðir sem taka á þessum þáttum að vera vænlegar til árangurs. Meirihluti þeirra sem áhuga hafa ætti að geta látið draum sinn um frekara nám rætast ef aðgerðir í takt við stefnumótun til virkrar þátttöku taka mið af þessum upplýsingum. (Mynd 82).


Vinna

Um 96% svarenda hafa einhvern tímann verið á vinnumarkaði. Síðasta starf áður en kom til örorkumats var oftast ósérhæft verkamanna-, afgreiðslu- eða þjónustustarf, eða hjá 44% svarenda (Tafla 6).

Tafla 6: Síðasta launaða starf svarenda áður en til örorkumats kom.


	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Sama og fyrr (sp 32)	55	7,28	7,80
Ósérhæft starf, verkamannavinnna	123	16,27	17,45
Bifreiðarstjóri, véla- eða vélgæslustarf	24	3,17	3,40
Afgreiðslu- eða þjónustustarf	186	24,60	26,38
Iðnaðarmaður	47	6,22	6,67
Landbúnaðarstarf	19	2,51	2,70
Sjávarútvegsstarf	41	5,42	5,82
Skrifstofustarf	55	7,28	7,80
Sérhæft starf	37	4,89	5,25
Sérfræðings- eða tæknistarf	38	5,03	5,39
Stjórnunarstarf	33	4,37	4,68
Annað	10	1,32	1,42
Á ekki við	28	3,70	3,97
Veit ekki	9	1,19	1,28
Alls	705	93,25	
Vantar	51	6,75	
Alls	756	100%	100%

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 83: Lagði vinnuveitandi þinn eða vinnustaður sig fram um að stuðla að áframhaldandi atvinnuþátttöku?


Tæp 8% svarenda eru enn hjá sama vinnuveitanda. Af þeim 92% sem það eru ekki, þá töldu um 20% að vinnuveitandinn hefði ekki komið á móts við þarfir þeirra með tilliti til að halda starfi. Í flestum tilfellum töldu svarendur þó að það hefði ekki verið á valdi vinnuveitandans að breyta nokkru þar um (Mynd 83).



Mynd 84: Hvernig telja svarendur að hefði mátt koma til móts við þarfir þeirra á vinnustað, til að gera áframhaldandi atvinnuþátttöku mögulega.

Þegar spurt var hvernig vinnuveitandi eða vinnustaður hefði getað komið til móts við þarfir, þá nefndu flestir styttri eða sveigjanlegan vinnutíma eða endurskipulagningu vinnunnar, alls 50% aðspurðra sem það á við um (Mynd 84).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 85: Þeir sem hafa verið í launavinnu á sl. 6 mánuðum sem hlutfall af þeim sem einhvern tímann hafa verið á vinnumarkaði.

Tæplega helmingur svarenda hefur einhvern tímann verið atvinnulaus og af þeim hefur tæpur helmingur einhvern tímann verið atvinnulaus á síðastliðnum 5 árum. Aðeins 20% þeirra hafa þó fengið greiddar atvinnuleysisbætur.

Ekki er marktækur munur á atvinnuleysi meðal kvenna og karla en hlutfallslega hafa þó heldur fleiri karlar þá reynslu. Yngra fólk, þeir sem eru einhleypir, barnlausir, þeir sem fá örorkugreiningu undir fertugsaldri og þeir sem hafa búið við fötlun sína frá fæðingu eða hafa fengið greiningu um geðröskun eru marktækt líklegri en aðrir hópar til að segjast hafa reynslu af atvinnuleysi.

Af þeim 96% svarenda sem hafa einhvern tímann verið á vinnumarkaði, þá hafa tæp 29% verið í einhverri launaðri vinnu á síðastliðnum 6 mánuðum (Mynd 85).

Af þessum 29% þá eru 74% í launaðri vinnu þegar könnunin fer fram, eða tæp 21% allra svarenda. Til viðmiðunar samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands, þá var atvinnuþátttaka Íslendinga 83,8% á 3. ársfjórðungi 2008.


Hér á landi hefur alla jafna aðeins verið litið til þess hóps fatlaðra/öryrkja sem eru á skrá hjá Tryggingastofnun ríkisins þegar fjallað er um atvinnumál öryrkja og rannsóknin sem fjallað er um í þessari skýrslu nær til þessa hóps. En sú skilgreining á fötlun/örorku sem lífkjarakönnun Evrópusambandsins (EU-SILC) byggir á er sjálfsskilgreining svarenda. Hún felst í mati svarenda á því hvort viðvarandi slæmt heilsufar eða fötlun hamli þeim í daglegu lífi. Þessi skilgreining er lögð til grundvallar við samanburð innan Evrópusambandsins og OECD, meðal annars þegar fjallað er um atvinnuþátttöku fatlaðra/öryrkja. Eins og áður hefur komið hér fram (Mynd 2), þá búa 11% Íslendinga á aldrinum 16-66 ára við fötlun/örorku í daglegu lífi samkvæmt gögnum EU-SILC 2007.

3. Lífskjör öryrkja

Lífskjarakönnun Evrópusambandsins, EU- SILC.


Til fróðleiks og samanburðar eru hér birtar nokkrar niðurstöður um atvinnuþátttöku fatlaðra/öryrkja sem byggja á EU-SILC gögnum og þar með fyrrgreindri skilgreiningu þeirra á örorku/fötlun.

Atvinnuþátttaka var 67% meðal þeirra 11% Íslendinga sem bjuggu við sjálfskilgreinda örorku/fötlun árið 2007. Meðal þeirra sem ekki bjuggu við neina slíka hömlun var þátttakan 88% (Mynd 86).




Mynd 86: Samanburður á atvinnuþátttöku Íslendinga á aldrinum 16-66 ára 2007. Annars vegar þeirra sem bjuggu við mikla eða nokkra hömlun í daglegu lífi og hins vegar þeirra sem ekki sögðust búa við slíka hömlun. Byggt á lífskjarakönnun Evrópusambandsins 2007 (EU-SILC).

Tæpur fjórðungur þeirra sem bjuggu við mikla hömlun samkvæmt EU-SILC 2007 unnu hlutastörf. Meira en 76% þeirra sem bjuggu við mikla hömlun unnu meira en hálfisdagsvinnu, samanborið við 87% þeirra sem ekki bjuggu við neina hömlun (Mynd 87).




Mynd 87: Vinnutími þeirra sem bjuggu við nokkra eða mikla hömlun í daglegu lífi og þeirra sem ekki bjuggu við slíka hömlun. Byggt á lífskjarakönnun Evrópusambandsins 2007 (EU-SILC).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 88: Atvinnuþátttaka síðastliðna 6 mánuði eftir greiningu til örorkumats.

Ekki er marktækur munur eftir kyni á launavinnu svarenda sl. 6 mánuði, hins vegar skiptir lífaldur, aldur við örorkumat og tegund örorku marktækt miklu máli hvað atvinnuþátttöku varðar. Þátttaka er að jafnaði meiri í yngri hópunum. Þegar litið er til greiningar örorku þá er hlutfallslega mest atvinnuþátttaka hjá þeim sem búa við þroskaskerðingu, meðfædda fötlun, tauga- eða




Mynd 89: Atvinnuþátttaka síðastliðna 6 mánuði eftir því hvort námi hefur verið lokið eftir örorkumat eða ekki.

skynfærasjúkdóm, en minnst í hópi þeirra sem búa við hjarta-, æða- eða öndunarfasjúkdóma (Mynd 88). Þarna virðist aldur við örorkumat eiga hvað mestan hlut að máli, enda kemur í ljós þegar tillit hefur verið tekið til aldurs við örorkumat, þá bætir örorkumatsgreining ekki mjög miklu við til skýringar atvinnuþátttöku svarenda síðastliðna 6 mánuði.

3. Lífskjör öryrkja


Þeir sem hafa lokið einhverju námi eftir að þeir urðu lífeyrisþegar eru marktækt líklegri til þess að hafa verið í vinnu á síðastliðnum 6 mánuðum, en þeir sem ekki hafa bætt við sig námi eftir að þeir urðu lífeyrisþegar (Mynd 89).



Mynd 90: Vinnutími svarenda sem eru í launavinnu.


Flestir þeirra sem eru í vinnu sinna hlutastörfum, 74% þeirra vinna innan við 30 tíma á viku. Hins vegar vinna rúmlega 16% meira en 40 tíma á viku (Mynd 90). Til viðmiðunar samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands, þá var heildar vinnutími Íslendinga á aldrinum 16-74 ára að meðaltali 41,6 tímar á viku á þriðja ársfjórðungi 2008.

Af þeim sem eru í vinnu þá vinna langflestir á almennum markaði, ýmist í opinbera geiranum eða einkageiranum. Rúmlega 11% eru sjálfstætt starfandi og svipað hlutfall er í verndaðri vinnu eða í starfi á grundvelli TR samnings (Mynd 91).




Mynd 91: Vettvangur vinnu þegar könnunin fer fram.

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 92: Vettvangur vinnu eftir aldri við örorkumat.


Nokkur munur er á starfsvettvangi eftir því á hvaða aldri svarendur voru við örorkumat. Þeir sem eru í verndaðri vinnu eða á TR vinnusamningi koma hlutfallslega flestir úr röðum þeirra sem ungir voru við örorkumat. Þeir sem fylla hóp hinna elstu við örorkumat, sem eru reyndar mjög fáir á vinnumarkaði, eru allir starfandi í opinbera geiranum (Mynd 92).



Mynd 93: Hversu mikilvæg er vinnan þér? Þeir sem eru í vinnu.


Vinnan er mjög mikilvæg langflestum þeirra sem eru í vinnu (Mynd 93).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 94: Áhugi á atvinnuþátttöku í hópi þeirra sem ekki eru í vinnu.


Áhugi á atvinnuþátttöku er mjög mikill í hópi þeirra sem ekki voru í launavinnu þegar könnunin fór fram. Rúmlega 64% þeirra segjast hafa áhuga á launaðri vinnu nú eða í náninni framtíð (Mynd 94).



Mynd 95: Þeir sem stundað hafa launavinnu á sl. 6 mánuðum og áhugi á launavinnu hjá þeim sem ekki eru í vinnu, eftir fjölskyldugerð.


Ekki er marktækur munur eftir kyni á áhuga fyrir launaðri vinnu, en vísbending er um að konur hafi frekar en karlar áhuga á launavinnu að teknu tilliti til lífaldurs og aldurs við örorkumat. Ekki er marktækur munur á atvinnuþátttöku síðastliðna 6 mánuði eftir fjölskyldugerð, en áhugi á vinnu er hins vegar áberandi mestur meðal barnafólks, einkum einstæðra foreldra, sem eins og áður hefur komið fram eru að mestum hluta konur, í þeim hópi er áhugi á launavinnu yfir 86% (Mynd 95).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 96: Fjöldi vinnustunda á viku sem svarendur, sem ekki eru í vinnu en vilja vinna, treysta sér til, eftir kyni.


Langflestir þeirra sem hafa áhuga á launaðri vinnu, en eru ekki í vinnu núna, treysta sér aðeins í hlutastarf og 45% treysta sér í minna en hálft starf. Karlar treysta sér til lengri vinnutíma en konur, en þeir eru hins vegar hlutfallslega fleiri óöruggir með vinnugetu sína. Athygli vekur hversu stór sá hópur er sem veit ekki hversu margar stundir á viku hann treystir sér til að vinna (Mynd 96).



Mynd 97: Ástæða þess að ekki er áhugi á launaðri vinnu núna, nefna mátti fleiri en eina.

Þetta ætti þó ekki að koma á óvart þar sem 73% þeirra sem ekki eru í vinnu, en hafa áhuga á henni, telja heilsuleysi aftra sér og meðal þeirra sem ekki eru í vinnu og hafa ekki hug á henni er heilsuleysi einnig lang algengasta ástæðan eða 80% (Mynd 97).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 98: Hversu mikilvægt er að öryrkjar hafi möguleika á launaðri vinnu?

Meðal þeirra sem hafa áhuga á vinnu en eru ekki í vinnu núna, þá treystir fólk sé fyrst og fremst í skrifstofustörf, eða 39% svarenda, því næst koma verslunarstörf 28% og umönnunarstörf 23%. Yfirgnæfandi meirihluti (84%) svarenda telur það mjög mikilvægt að öryrkjar hafi möguleika á launaðri vinnu (Mynd 98).


Tafla 7: Það sem helst stendur í vegi fyrir atvinnuþátttöku öryrkja að mati svarenda.

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Heilsuleysi, fötlun	113	14,95	16,67
Vinumarkaður, vinnuveitendur, vinnuaðstaða o.fl	160	21,16	23,60
Kerfið, tekjutenging, missir bóta	157	20,77	23,16
Fordómar, viðhorf, þekkingarleysi	58	7,67	8,55
Vantar eigið þor, trú og traust	33	4,37	4,87
Skortur á aðgengi, stuðningi, upplýsingum, endurhæfingu, og koma til móts við þarfir	42	5,56	6,19
Ýmislegt, óákveðnir, "veit ekki"	115	15,21	16,96
Alls	678	89,69	
Vantar	78	10,31	
Alls	756	100%	100%

Þegar spurt er hvað svarendur telji helst standa í vegi fyrir atvinnuþátttöku öryrkja, þá kemur í ljós að hinir ýmsu þættir vinnumarkaðar og bótakerfis lenda þar oftast efst á blaði, heilsuleysi og fötlun eru í þriðja sæti (Tafla 7). Athyglisvert er að bera þessi svör saman við þau sem svarendur gefa sem skýringu á eigin fjarveru frá vinnumarkaði, en þar er heilsuleysi lang algengasta skýringin eins og áður er getið.

Rétt er að geta þess að nokkur kerfisbreyting hefur orðið eftir að könnun þessi fór fram. Má þar nefna 100 þúsund króna frítekjumark sem dregur úr áhrifum tekjutengingar við launavinnu. Eftir sem áður er þó kerfið að margra mati ógagnsætt, þar sem samspil ýmissa þátta býður óvissu heim. Sú óvissa getur verið hindrun, sem ætti að vera hægt að ráða bót á.

3. Lífskjör öryrkja




Mynd 99: Ólaunuð vinna á síðastliðnum 6 mánuðum, eftir kyni.

3.5 Samfélagsþátttaka, virkni og endurhæfing

Rúmlega 33% svarenda hafa stundað einhverja ólaunaða vinnu á síðastliðnum 6 mánuðum. Konur eru heldur líklegri en karlar til að stunda ólaunaða vinnu (Mynd 99).

Algengast meðal þeirra sem stunda ólaunaða vinnu þegar könnunin fer fram, er gæsla eða umönnun barna, því næst kemur vinna hjá góðgerða- eða hagsmunasamtökum. Lang oftast er um að ræða vinnu í minna en 10 tíma á viku.




Mynd 100: Þátttaka svarenda í félagsstörfum og íþróttum eða útivist, eftir kyni.

Hærra menntunarstig eykur líkur á ólaunaðri vinnu. Menntunarstig karlanna er hærra en kvennanna og hvað ólaunaða vinnu varðar þá eykst munur á kynjunum, þegar stjórnað er fyrir menntun.

Um 38% svarenda taka þátt í einhverjum félagsstörfum. Meirihluti eða 60% tekur þátt í eða stundar líkamsrækt eða útivist og 26% svarenda taka þátt í einhverju öðru frístundastarfi. Í þessum hópum eru hlutfallslega fleiri þeirra sem eru á vinnumarkaði en þeirra sem ekki eru á vinnumarkaði og


3. Lífskjör öryrkja

hlutfallslega fleiri fráskildir og einhleypir stunda félagsstörf en þeir giftu. Konur eru almennt heldur virkari en karlar á þeim sviðum frístunda utan heimilis sem spurt er um (Mynd 100).



Mynd 101: Sækja listviðburði, kvikmyndahús, fara í ferðalög, göngutúra, samskipti við vini og ættingja, eftir kyni.


Hátt í helmingur svarenda (46%) sækir listviðburði og nokkru færri kvikmyndahús, um helmingur fer í utanlandsferðir og tæp 70% fara í ferðalög innanlands. Vel flestir fara í göngutúra, heimsóknir eða spjalla við vini og vandamenn í síma. Konur hafa vinninginn hér sem fyrr í öllum þáttum almennrar virkni nema hvað varðar ferðalög innanlands. (Mynd 101).



Mynd 102: Önnur afþreyingariðja svarenda eftir kyni.


Algengasta afþreyingin, eða hjá um 95% svarenda, er að horfa á sjónvarp eða annan myndmiðil, eða hlusta á útvarp. Því næst er lestur og loks handavinna. Nokkuð jafnt er á komið með kynjum nema hvað konur lesa frekar og eru mun iðnari við handavinnu en karlar (Mynd 102).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 103: Tölvuaðgangur á heimili svarenda eftir kyni.

Mikill meirihluti svarenda hefur aðgang að tölvu á heimili sínu eða 79%, Hlutfallslega fleiri ungir en aldnir, Reyknesingar og höfuðborgarfolk fremur en þeir sem búa á landsbyggðinni, fleiri langskólagengnir en þeir sem einungis hafa lokið skyldunámi. Þeir sem hafa verið í launavinnu á síðastliðnum 6 mánuðum eru frekar með aðgang að tölvu á heimili sínu en þeir sem ekki hafa verið það. Konur hafa frekar aðgang að tölvu á heimili en karlar (Mynd 103) og hlutfallslega fleiri giftir en þeir sem eru fráskildir eða einhleypir (Mynd 104).




Mynd 104: Tölvuaðgangur á heimili eftir hjúskaparstöðu.

Af þeim sem hafa aðgang að tölvu þá eru 91% með aðgang að Internetinu eða 68% allra svarenda. Af þeim sem hafa netaðgang þá nota 93% Internetið til upplýsinga og fróðleiks og 89% nota það fyrir tölvupóst, eða 60% allra svarenda könnunarinnar. Tölvupóstnotkun er heldur algengari meðal kvenna og þær nota einnig netið frekar til að blogga (54%) og vera á spjallrásum (47%), en karlar stunda þar frekar tölvuleiki (30%).

3. Lífskjör öryrkja

Endurhæfing - starfsendurhæfing

Meirihluti svarenda eða 73% hafa fengið einhverja skipulega læknisfræðilega endurhæfingu, af þeim telja 70% hana hafa skilað sér árangri.




Mynd 105: Þátttaka í einhverri starfsendurhæfingu eða starfshjálfun eftir kyni.

Mikill minnihluti svarenda eða 15,3% hafa fengið einhverja skipulega starfsendurhæfingu, starfshjálfun eða atvinnulega endurhæfingu. Marktækt fleiri karlar en konur hafa fengið starfsendurhæfingu/starfshjálfun (Mynd 97). Yngra fólk og þeir sem hafa fengið örorkumat fyrir fertugt eru mun líklegri til að hafa notið starfsendurhæfingar en þeir sem eldri eru eða síðar fengið örorkumat. Barnafólk hefur síður fengið notið starfsendurhæfingar en þeir barnlausu og marktækur munur er einnig eftir tegund fötlunar (Mynd 105).


Með aðhvarfsgreiningu var athugað hvort kynjamunur er á þátttöku í starfshjálfun eða starfsendurhæfingu þegar tekið er tillit til lífaldurs og aldurs við örorkumat þar sem þessar breytur hafa sýnt sig að vera háðar kyni svarenda. Sjá má að með hærri lífaldri minnka líkur á þátttöku í starfsendurhæfingu og hækkandi örorkumatsaldur hefur marktæk áhrif gegn þátttöku í starfsendurhæfingu. Ljóslega kemur fram að þegar tekið hefur verið tillit til þessa þá hefur kyn enn marktæk áhrif á þátttöku í starfsendurhæfingu og konur að öðru jöfnu mun ólíklegri en karlar til að hafa notið þeirrar þjónustu.

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 106: Þátttaka í starfsendurhæfingu eftir greiningu til örorkumats.


Þeir sem greindir eru með geðröskun og þeir sem eru með þroskahömlun og meðfædda fötlun hafa mun fremur en aðrir örorkuhópar notið starfsendurhæfingar eða þjálfunar. Ekki er ólíklegt að þeir sem búið hafa við fötlun sína frá unga aldri hafi notið starfsþjálfunar t.d. á hæfingarstöð eða í verndaðri vinnu, fremur en starfsendurhæfingar og þar sé að leita skýringa á háu hlutfalli hópsins í þessum samanburði, þar sem ekki var gerður greinamunur á úrræðum þegar spurt var (Mynd 106).



Mynd 107: Hversu miklum/litlum árangri hefur stafrsendarhæfingin/starfsþjálfunin skilað?


Af þeim sem lokið hafa starfsendurhæfingu eða starfsþjálfun þá telur meirihlutinn, eða 58%, hana hafa skilað sér mjög eða frekar miklum árangri (Mynd 107).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 108: Hversu miklum eða litlum árangri hefur starfsendurhæfingin/þjálfunin skilað, hlutfall innan örorkumatsflokka.


Mat á árangri starfsendurhæfingarinnar fer marktækt eftir því hvaða örorkuhópur á í hlut. Þeir sem fengið hafa greiningu um þroskahömlun eða meðfædda fötlun telja hlutfallslega flestir að starfsendurhæfingin eða þjálfunin hafi skilað sér litlum sem engum árangri. Þar skiptir þó í tvö horn, því þeir eru einnig með hæst hlutfall þeirra sem meta árangurinn mikinn. Hjá þeim sem eru með örorku vegna hjarta- æða- eða öndunarferasjúkdóma, þá skilar starfsendurhæfingin bestum árangri. Því næst hjá þeim sem hafa fengið metna örorku vegna geðsjúkdóma og þeim sem greindir eru tauga- eða skynfæra sjúkdóm. (Mynd 108).



Mynd 109: Í hverju var árangur starfsendurhæfingarinnar/þjálfunarinnar helst fólgin?

Árangur starfsendurhæfingarinnar fólst að flestra mati í betri heilsu og líðan og auknu sjálfstrausti (Mynd 109).


3. Lífskjör öryrkja



Mynd 110: Hlutfall þeirra sem hefðu þegið starfsendurhæfingu ef hún hefði staðið þeim til boða, eftir kyni.


Af þeim sem ekki höfðu fengið starfsendurhæfingu þá töldu 57% að þeir hefðu þegið hana ef hún hefði staðið þeim til boða, hlutfallslega fleiri konur en karlar (Mynd 110).

Mikill meirihluti, tæp 80% svarenda, telja mjög mikilvægt að fólki hafi möguleika á starfsendurhæfingu (Mynd 111).



Mynd 111: Mat svarenda á mikilvægi þess að fólki hafi möguleika á starfsendurhæfingu.

3. Lífskjör öryrkja




Mynd 112: Hlutfall svarenda sem notið hafa aðstoðar félagsþjónustu sveitarfélags

3.6 Þjónusta


Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar hafa notið þjónustu ýmissa aðila. Þar sem þeir eru allir á skrá hjá Tryggingastofnu Ríkisins þá er gert ráð fyrir að þeir njóti þjónustu hennar, en 73% svarenda eru nokkuð eða mjög ánægðir með þjónustu Tryggingastofnunar. Sveitarfélög veita ýmsa þjónustu og 26% svarenda hafa notið félagsþjónustu sveitarfélags síns með einum eða öðrum hætti (Mynd 112).

Áður hefur komið fram að 6% svarenda fá framfærslueyri hjá sveitarfélaginu auk þess sem 13% segjast fá þar húsaleigubætur. Miðað við fjölda leigjenda og lágar tekjur þá hefði mátt ætla að þetta hlutfall ætti að vera hærri, en skýringin kann að liggja í því að spurt var um þetta undir lið um þjónustu sveitarfélags, en ef til vil átta sig ekki allir á að þaðan koma húsaleigubæturnar. Um 11% svarenda fá aðra félagsþjónustu hjá sveitarfélagi sínu. Af öðrum þjónustuaðilum sem spurt var um hafa hlutfallslega flestir notið þjónustu Hjálpartækjamiðstöðvar Tryggingastofnunar eða 28% og rúm 11% hafa notið þjónustu Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra (Mynd 113).



Mynd 113: Hlutfall svarenda sem nýtur þjónustu viðkomandi aðila.


3. Lífskjör öryrkja



Mynd 114: Hversu ánægðir eða óánægðir eru þjónustugegar með þjónustuna, hlutfall innan viðkomandi stofnana.


Mikill meirihluti svarenda sem njóta þjónustu þessara aðila, sem og lífeyrissjóðanna, eru ánægðir með hana, þó í mismiklum mæli sé (Mynd 114)

Þó segjast nokkuð margir svarenda (36%) hafa lent í því að vera sendir milli þjónustuaðila án þess að fá viðunandi úrlausn (Mynd 115).



Mynd 115: Hlutfall svarenda eftir því hvort þeir hafa lent í því að vera sendir á milli þjónustuaðila án þess að fá viðunandi úrlausn?

3. Lífskjör öryrkja




Mynd 116: Hefur aðgengi, í viðum skilningi, áhrif á þátttöku þína í samfélaginu?

3.7 Aðgengi, viðhorf og lífsgæði

3.7.1 Aðgengi

Aðgengi getur haft mikil áhrif á lífsgæði þeirra sem því eru háðir og rúmur fjórðungur svarenda (26%) segir að aðgengi hafi áhrif á þátttöku sína í samfélaginu (Mynd 116).




Mynd 117: Áhrif aðgengis á þátttöku í samfélaginu, hlutfall eftir aldurshópum.

Aðgengi virðist skipta konur og karla máli í sama mæli, en aldur hefur sitt að segja þar sem aðgengi skiptir máli hjá hlutfallslega fleira fólki á milli þrítugs og fertugs en meðal annarra aldurshópa (Mynd 117).

Áður hefur komið fram að í hópi þeirra sem aðgengi skiptir máli er að finna hærra hlutfall fólks sem finnst núverandi húsnæði henta sér illa.


3. Lífskjör öryrkja



Mynd 118: Hvers konar aðgengi snertir þig og þína fötlun?

Aðgengi í víðu samhengi lýtur ekki einungis að ferlimálum, skynáreiti getur einnig heft aðgengi og þátttöku í lífi og starfi þeirra sem þola illa áreiti ljóss, hljóðs eða rokkgjarnra efna. Einnig er um að ræða aðgengi að upplýsingum t.d. á aðgengilegu máli. Tölvur eru aðgangsslykill að ýmsum þáttum samfélagsins, tölvuaðgengi er því einnig mikilvægt, óháð fötlun, menntunarstigi eða efnahag og bæði að hugbúnaði og vélbúnaði tölvanna.


Af þeim sem aðgengi varðar þá skipta ferlimál hlutfallslega flesta máli eða rúmlega helming og skynáreiti snertir rúmlega þriðjung (Mynd 118).



Mynd 119: Hversu gott eða slæmt metur þú þetta aðgengi hvað þig varðar? Hlutfall eftir tegund aðgengis.

Pegar spurt er hversu gott eða slæmt fólk metur aðgengið hvað það sjálft varðar, þá kemur í ljós að staðan er verst í ferlimálum, þar segja 63% aðgengið slæmt. Einnig er aðgengið slæmt hjá 58% þeirra sem skynáreiti varðar. Skást er staða tölvuaðgengis, en 58% segja þar aðgengið gott (Mynd 119).


3. Lífskjör öryrkja



Mynd 120: Upplifun félagslegrar einangrunar, eftir því hvort svarendur segja aðgengi hafa áhrif á þátttöku sína í samfélaginu eða ekki.

3.7.2 Félagsleg einangrun.


Sterk tengsl eru á milli þess hvort aðgengi hefur áhrif á þátttöku fólks og þess hvort og þá hversu mikið það finnur til einangrunar. Í hópi þeirra sem aðgengi skiptir máli finna martækt fleiri til einangrunar en í hópi þeirra sem aðgengi hefur ekki áhrif á hvað varðar þátttöku í samfélaginu (Mynd 120).



Mynd 121: Upplifun félagslegrar einangrunar eftir kyni.


Telja má til lífsgæða að eiga samfélag við aðra, þeir sem finna til einangrunar búa þannig við skert lífsgæði. Þetta á við um meirihluta svarenda, þar sem um 71% þeirra segja að þeir upplifi einangrun. Konur eru heldur líklegri en karlar til að segjast finna til einangrunar en þó er ekki marktækur munur þar á (Mynd 121).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 122: Upplifun félagslegrar einangrunar eftir hjúskaparstöðu.


Hins vegar er marktækur munur á upplifun einangrunar eftir hjúskaparstöðu. Athygli vekur að hæsta hlutfall þeirra sem finna til mikillar einangrunar er í hópi þeirra sem eru í óstaðfestri sambúð, en um 40% þeirra finna til mikillar einangrunar. Því næst koma fráskildir, í þeim hópi finna 33% til mikillar einangrunar (Mynd 122).



Mynd 123: Upplifun félagslegrar einangrunar eftir aldri.


Nokkur munur eftir aldri er á upplifun einangrunar. Hæsta hlutfall þeirra sem segjast finna til mikillar einangrunar er að finna hjá þeim sem eru undir þrítugu (34%), en lægsta hlutfall hjá þeim sem komnir eru um og yfir sextugt (17%) (Mynd 123).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 124: Upplifun félagslegrar einangrunar, eftir fjölskyldustöðu og fjölda barna á heimili.


Þegar litið er til fjölskyldugerðar þá má sjá að börn á heimili virðast ekki draga úr félagslegri einangrun. Þvert á móti, því þeir sem helst upplifa einangrun er fólk sem býr með þremur börnum, 33% þeirra segjast upplifa mikla einangrun. Hafa ber í huga að heimili með fleiri börn eru mjög fá. Lægsta hlutfall þeirra sem upplifa mikla einangrun er að finna hjá þeim sem búa með öðrum en án barna, eða 20% (124).



Mynd 125: Upplifun félagslegrar einangrunar, eftir greiningarflokkum.


Nokkur munur er á upplifun einangrunar eftir tegund fötlunar. Hæsta hlutfall þeirra sem finna til mikillar einangrunar er í hópi geðfatlaðra en 35% þeirra finna til mikillar einangrunar. Hjá þeim sem hafa hjarta-, æða- eða öndunarferasjúkdóm er að finna lægsta hlutfall þeirra sem upplifa mikla einangrun eða 21% (Mynd 125).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 126: Upplifun félagslegrar einangrunar, eftir því hvort svarandi hefur einhvern tímann verið á vinnumarkaði eða ekki.


Helmingur (50%) þess fámenna hóps sem aldrei hefur verið á vinnumarkaði, segist upplifa mikla einangrun (Mynd 126)



Mynd 127: Upplifun félagslegrar einangrunar, eftir því hvort svarandi hefur verið í launavinnu á síðastliðnum 6 mánuðum eða ekki.

Um 17% þeirra sem hafa verið í launavinnu á síðastliðnum 6 mánuðum upplifa mikla einangrun, en meðal þeirra sem ekki hafa verið í launavinnu að undanfögnu er þetta hlutfall 28% (Mynd 127).

3. Lífskjör öryrkja




Mynd 128: Finnst þér að einangrun þín sé núna meiri, minni eða svipuð og áður var?

Hátt í helmingur svarenda eða 43% finna til meiri einangrunar nú en áður, líklegt má telja að þetta megi, að einhverju leyti, rekja til breytinga á högum fólks við örorku. Athyglisvert er að 17% finna til minni einangrunar en áður (Mynd 128).


3.7.3 Fordómar.

Fordómar geta sett mark sitt á líf öryrkja en 45% svarenda finnst þeir finna fyrir fordómum vegna örorku eða fötlunar sinnar (Mynd 129).




Mynd 129: Finnst þér þú finna fyrir fordómum vegna örorku eða fötlunar þinnar?

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 130: Tengsl þess að finna fyrir fordómum og upplifa einangrun.


Marktækt samband er á milli þess að upplifa einangrun og þess að finna fyrir fordómum, 39% þeirra sem finna fyrir fordómum upplifa jafnframt mikla einangrun, en 15% þeirra sem finna ekki fyrir fordómum (Mynd 130).



Mynd 131: Hjá hverjum eða hvar finna svarendur fyrir fordómum.

Meðal þeirra sem finna fyrir fordómum þá segjast 76% svarenda finna fyrir fordómum almennt í samfélaginu. Næst algengast er að fólk segist finna fyrir fordómum hjá sjálfum sér (59%), því næst meðal kunningja sinna (45%) og 34% finna fyrir fordómum í fjölskyldunni (Mynd 131).

3. Lífskjör öryrkja




Mynd 132: Hlutfall þeirra sem finna fyrir fordómum, eftir hjúskaparstöðu.
(*hlutfall af heildarfjölda svarenda í viðkomandi hjúskaparstöðu, eftir kyni).

Hlutfallslega segjast mun fleiri konur en karlar finna fyrir fordómum eða 48% kvennanna miðað við 38% karlanna.

Hjúskaparstaða skiptir einnig marktækt máli. Ekkjur og ekklar finna síst fyrir fordómum, því næst þeir sem eru giftir eða í staðfestri sambúð. Þeir sem helst finna fyrir fordómum er fólk sem er í óstaðfestri sambúð eða fráskilið, því næst hinir einhleypu. Um 57% einhleypa kvenna og 63% kvenna í óstaðfestri sambúð finna fyrir fordómum sem er mun hærra hlutfall en hjá körlum í sömu hjúskaparstöðu (Mynd 132).


Marktækt samband er á milli þess að vera með börn yngri en 18 ára á heimilinu og þess að finna fyrir fordómum. Þeir sem ekki eru með nein börn finna lang síst fyrir fordómum og síðan fara þeir stigvaxandi eftir því sem börnin eru fleiri. Þetta er alveg í samræmi við það sem áður kom fram um upplifun einangrunar. Hafa má í huga að meðal 200 svarenda (27% allra þátttakenda), búa 344 börn undir 18 ára aldri, 75% þeirra búa hjá konunum, 36% þeirra barna sem eru innan 18 ára aldurs búa hjá einstæðu foreldri, sem lang oftast eru konur.

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 133: Upplifun fordóma, eftir aldri.


Þeir yngri finna mun frekar fyrir fordómum en þeir eldri. Þeir sem eru á aldrinum 30 – 39 ára finna helst fyrir fordómum eða 59% þeirra. Lægsta hlutfall er hjá þeim sem eru sextugir eða eldri, fjórðungur þeirra segist finna fyrir fordómum (Mynd 133).



Mynd 134: Hlutfall þeirra sem finna fyrir fordómum, eftir aldri við örorkumat.

Aldur við örorkumat skiptir marktækt máli varðandi upplifun fordóma. Hæsta hlutfallið er að finna í hópi þeirra sem voru á aldrinum 30 – 39 ára við örorkumat en meðal þeirra segist 61% finna fyrir fordómum. Lægsta hlutfall (16%) er að finna hjá þeim sem metnir voru til örorku eftir sextugt (Mynd 134).

3. Líf skjör öryrkja




Mynd 135: Hlutfall þeirra sem finna fyrir fordómum eftir tegund fötlunar.

Marktækt samband er á milli tegundar fötlunar og þess hvort fólk finnur fyrir fordómum vegna örorku eða fötlunar sinnar, hæst er hlutfallið hjá þeim sem fengið hafa greiningu um geðsjúkdóm, en 56% þeirra finna fyrir fordómum. Lægsta hlutfall er meðal þeirra sem fengið hafa greiningu hjarta- eða lungnasjúkdóma, 29% þeirra segjast finna fyrir fordómum (Mynd 135).

Þegar spurt er nánar hvar, hjá hverjum eða við hvaða aðstæður fólk finnur fyrir fordómum þá er ekki að finna marktækan mun á hópum eftir tegund fötlunar. Þó má sjá að meðal þeirra sem eru með þroskaskerðingu eða meðfædda fötlun er hærra hlutfall sem finnur fyrir fordómum við atvinnuleit (47%), en hjá öðrum hópum. Hæsta hlutfall þeirra sem finnst þeir upplifa fordóma í vinnunni er meðal þeirra sem hafa tauga- eða skynfæra greiningu (31%). Þeir sem hafa geðsjúkdómagreiningu eru með hæst hlutfall þeirra sem finna fyrir fordómum hjá fjölskyldunni (45%) og þeir finna einnig margir (52%) fyrir fordómum meðal kunningja. Þeir sem eru með greiningu vegna áverka eða æxla finna í hæstu hlutfalli fyrir fordómum meðal kunningja (54%) og þeir eru einnig líklegastir til að finna fyrir fordómum hjá sjálfum sér (67%) en fast á hæla þeirra með eigin fordóma (63%) kemur sá hópur sem hefur fengið greiningu til örorkumats vegna geðsjúkdóma.

Ekki er hægt að sjá nein beinlínuleg tengsl milli tekna og þess hvort fólk upplifir fordóma. En svo virðist að hæst hlutfall fólks sem upplifir fordóma sé að finna í miðtekjuhópum (150–250 þúsund). Vísbending er um að þeir sem eru í vinnu finni síður fyrir fordómum en þeir sem ekki eru í vinnu.

3. Lífskjör öryrkja




Mynd 136: Þegar á heildina er lítið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með líf þitt almennt þessa dagana? Á skalanum 1 til 10 þar sem 1 er mjög óánægð(ur) og 10 mjög ánægð(ur)?

3.7.4 Ánægja með lífið.


Þegar spurt er hversu ánægðir eða óánægðir svarendur eru með líf sitt þessa dagana, á skalanum 1 – 10, kemur fram að ánægjustig er að meðaltali 6,2 (Mynd 136).

Nokkur munur er á ánægjustigi kynjanna, þar sem karlar eru að meðaltali heldur óánægðari með líf sitt þessa dagana (Mynd 137). Við nánari skoðun má þó finna karla í örlítið meira mæli en konur í hópi þeirra sem eru mjög ánægðir með líf sitt.




Mynd 137: Ánægja/óánægja svarenda með líf sitt, eftir kyni.

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 138: Ánægja með lífið, eftir aldri.


Þeir sem fylla yngstu og elstu aldurshópana eru heldur ánægðari með líf sitt en aðrir aldurshópar með 6,5 stig, en þeir sem eru á milli fimmtugs og sextugs eru óánægðastir, með að meðaltali 5,8 á tíu stiga kvarðanum (Mynd 138).



Mynd 139: Ánægja með lífið, eftir aldri við örorkumat.


Svipað er uppi á teningnum þegar litið er til aldurs við örorkumat, þeir yngstu og þeir elstu við örorkumat eru að meðaltali ánægðastir með líf sitt þessa dagana, en fólk sem fékk örorkumat milli fertugs og fimmtugs er síst ánægð (Mynd 139).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 140: Ánægja með lífið, eftir því hver örorkugreiningin er.


Þó nokkur munur er á ánægjustigi svarenda eftir örorkuhópum. Þeir sem hafa greiningu um geðröskun og þeir sem hafa örorkumat vegna áverka eða æxla eru að meðaltali síst ánægðir með líf sitt eða 5,7 stig á ánægjukvarða. Þeir sem búa við meðfædda fötlun eru ánægðastir og eru að meðaltali með 7,2 stig (Mynd 140).



Mynd 141: Ánægja með lífið, eftir því hvort svarandi býr í eigin húsnæði eða leigir.


Þeir sem búa í eigin húsnæði eru að meðaltali ánægðari með líf sitt, þessa dagana sem spurt er, heldur en þeir sem búa í leiguhúsnæði (Mynd 141).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 142: Ánægja með lífið, eftir því hvaða nám svarandi hafði stundað áður en til örorku kom.


Ekki er almennt mikill munur á lífsánægju svarenda eftir því hvaða nám þeir höfðu stundað áður en til örorku kom. Að meðaltali eru þeir ánægðastir (6,8 stig) sem hafa bætt við sig einhverju öðru en hefðbundnu námi eftir grunnskóla, þetta er hlutfallslega lítill hópur sem meðal annars hefur stundað ýmis námskeið, fullorðinsfræðslu og nám tengt starfsendurhæfingu. Minnsta ánægju að meðaltali (5,9 stig) er að finna í hópi þeirra sem lagt hafa stund á starfs- eða iðnnám (Mynd 142).



Mynd 143: Ánægja með lífið, eftir fjölskyldustöðu og fjölda barna á heimili.

Þeir sem búa einir eru að meðaltali ekki jafn ánægðir með líf sitt og þeir sem búa með öðrum, fullorðnum eða börnum (Mynd 143).


3. Lífskjör öryrkja



Mynd 144: Tengsl heildartekna og ánægju með lífið.

Fremur veik tengsl eru milli heildartekna og lífsánægju og þau fylgja ekki beinni línu. Þó er ljós munur á þeim sem eru mjög ánægðir með lífið (9-10 stig), en þeir eru að meðaltali tekjuhæstir, og hins vegar þeim sem eru óánægðastir með lífið (1-2 stig) en þeir eru að meðaltali tekjulægstir (Mynd 144).


Athyglisvert er að þau 7% svarenda sem eru með tekjur undir 100 þúsund krónum eru að meðaltali með 6,6 stig á kvarða lífsánægju eða þó nokkuð yfir meðaltali. Þennan tekjuflokk fylla fyrst og fremst giftar konur, eins og áður hefur komið fram. Einnig má líta til þess að í þessum neðsta tekjuhópi segjast 31% hafa átt erfitt með að ná endum saman en 44% heildarhópsins svara þannig til.



Mynd 145: Ánægja með lífið, eftir því hvort svarendur finna fyrir fordómum í sinn garð eða ekki.

Samband er á milli þess hversu ánægt fólk er með líf sitt þess dagana og þess hvort það finnur fyrir fordómum. Þeir sem finna fyrir fordómum eru mun síður ánægðir (5,6 stig) með líf sitt en þeir sem ekki segjast finna fyrir fordómum (6,7 stig) (Mynd 145).

3. Lífskjör öryrkja



Mynd 146: Ánægja með lífið, eftir því hvort svarendur upplifa einangrun.

Sterkt samband er á milli þess hversu ánægt fólk er með líf sitt og þess hvort það upplifir félagslega einangrun. Þeir sem enga einangrun upplifa eru að meðaltali með 7,4 stig á ánægjukvarða, en þeir sem segjast upplifa mikla einangrun eru að meðaltali með 4,9 stig (Mynd 146).

4. Helstu niðurstöður, samhengi og ályktanir

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna hversu fjölbreyttur hópur öryrkja er, enda einstaklingar með mismunandi lífssögu, þarfir og þrár. En einnig verður ljóst þegar niðurstöður eru skoðaðar að reynsluheimi margra svipar saman, um sumt sprettur fram heildstæð mynd en einnig ólíkar myndir mismunandi hópa.

Afkoma

Fátækt virðist vera hlutskipti margra öryrkja í samanburði við aðra þjóðfélagshópa. Hátt í helmingur svarenda er óánægður með fjárhagsafkomu sína, konur fremur en karlar. Litlu færri segja það hafa komið fyrir á síðastliðnum 12 mánuðum að þeir hafi átt í erfiðleikum með að greiða hin venjulegu útgjöld. Marktækt fleiri konur en karlar hafa átt í slíkum erfiðleikum þar á meðal 82% þeirra kvenna sem eru með barn innan 18 ára aldurs. Til samanburðar segjast tæp 12% fullorðinna Íslendinga hafa átt í erfiðleikum með að greiða hin venjulegu útgjöld samkvæmt Húsnæðiskönnun Þjóðmálastofnunar 2007 (sjá Stefán Ólafsson og Gunnar Þór Jóhannesson 2007). Heildar mánaðartekjur öryrkja voru að meðaltali, samkvæmt þeirra eigin upplýsingum, tæpar 175 þúsund krónur á síðasta fjórðungi árs 2008. Meirihlutinn, 69% karla og 74% kvenna, voru með undir 200 þúsund krónur í heildartekjur á mánuði árið 2008 og miðgildi tekna um 150 þúsund krónur. Hafa má í huga að lágtekjumörk ráðstöfunartekna voru 160.800 fyrir einstakling árið 2008 samkvæmt Hagstofu Íslands. Hins vegar hækkaði lágmarksframfærslutrygging almannatrygginga í september 2008 og 1. janúar 2009. Lífeyristekjur tekjulægsta hóps öryrkja hafa því hækkað frá mælingu könnunarinnar.

Svo til allir svarendur fá lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, auk þess sem rúmlega fjórðungur þeirra er með einhverjar atvinnutekjur, rúmlega helmingur fær greiðslur úr lífeyrissjóði og tæpur þriðjungur segist að einhverju leyti háður framfærslu fjölskyldu eða maka. Marktækur munur eru á tekjum eftir aldri, hjúskaparstöðu, aldri við örorkumat, búsetu, menntun fyrir örorku og launavinnu. Giftar konur og einhleypir karlar eru hlutfallslega flest þeirra sem eru í neðstu tekjuflokkunum. Mikill meirihluti (91%) einhleypra og fráskilinna sem eru með börn innan við 18 ár aldur eru með innan við 250 þúsund króna heildartekjur á mánuði. Hinir elstu eru að jafnaði með lægstur tekjur en yngsta hópnum svipar þó til þess elsta. Háskólagengið fólk er hlutfallslega flest í efstu tekjuhópnum og þeir sem stundað hafa launavinnu á síðastliðnum 6 mánuðum skila sér frekar í hærri tekjuhópa en þeir sem ekki stunda launavinnu.

Fjölskyldustaða og húsnæðisaðstæður

Öryrkjar eru í hlutfallslega meiri mæli en þjóðin í heild í hópi einhleypra eða fráskilinna. Þetta á við um alla aldurshópa. Athygli vekur hátt hlutfall einhleypra öryrkja, einkum karla, en þeir eru marktækt oftast einhleypir en konurnar. Konurnar eru hins vegar oftast giftar eða fráskildar. Marktækur munur er á hjúskaparstöðu eftir örorkuhópum, bæði meðal karla og kvenna. Hátt í þriðjungur öryrkja býr með börnum innan 18 ára aldurs. Konur búa langstærstum hluta barnahópsins heimili (75%), en tæpur helmingur þessara kvenna eru einhleypar, fráskildar eða ekkjur. Hlutfall einstæðra foreldra er mun hærri í kjarnafjölskyldum öryrkja en hjá þjóðinni almennt.

Meirihluti öryrkja býr í fjölbýlishúsi en þessu er öfugt farið meðal þjóðarinnar í heild þar sem meirihluti býr í einbýlis-, par- eða raðhúsi. Fylgni er milli húsnæðisaðstöðu og tegundar örorku, en einnig er fylgni við kyn, þar eð karlar búa mun síður en konurnar í einbýli en mun frekar en konurnar á sambýli, í þjónustuíbúð eða við aðrar óhefðbundnar húsnæðisaðstæður. Húsnæðisstaða

4. Helstu niðurstöður, samhengi og ályktanir

öryrkja, þ.e. hvort búið er í eigin húsnæði, leiguhúsnæði, foreldrahúsum eða annað, fer marktækt eftir kyni, aldri, aldri við örorkumat, hjúskaparstöðu og orsökum örorku. Tæp 25% öryrkja búa í leiguhúsnæði og um 7% hjá ættingjum eða við ótilgreinda húsnæðisstöðu. Hlutfallslega búa mun fleiri öryrkjar í leiguhúsnæði en gerist hjá þjóðinni almennt, munurinn er meiri meðal karla en kvenna og meiri á aldrinum 40 – 54 ára en meðal annarra aldurshópa. Rúmlega helmingur þeirra öryrkja sem búa í leiguhúsnæði leigir í félagslegu húsnæðiskerfi eða í húsnæði Brynju, hússjóðs ÖBÍ. Öryrkjar leigja mun frekar hjá sveitarfélagi en almennt gerist hjá þjóðinni og svo virðist sem öryrkjar séu um 15% þeirra fullorðnu íbúa landsins sem búa í leiguhúsnæði.

Núverandi húsnæði hentar meirihluta svarenda vel að þeirra mati, en hlutfallslega mun fleiri leigjendur, en þeir sem búa í eigin húsnæði, segja húsnæðið henta sér illa. Þeir sem eru á miðjum aldri, þeir sem eru fráskildir og þeir sem aðgengi skiptir máli eru síður sáttir við húsnæði sitt en þeir sem ekki eru í þeirri stöðu. Marktækt samband er á milli þess hversu vel eða illa húsnæði svarenda hentar þeim og mats þeirra á eigin heilsu, fjárhagsafkomu og ánægju með lífið almennt. Tæpur þriðjungur svarenda (31%) hyggur á breytingar á húsnæðisaðstöðu sinni.

Orsakir örorku

Ástæða örorku liggur í stoðkerfi hjá 65% svarenda að þeirra eigin mati, tæpur helmingur þess hóps kveðst vera með gigt. Konur eru þar í miklum meirihluta. Meirihluti svarenda sem nefna fleiri en eina ástæðu örorku nefna einnig stoðkerfið. Geðröskun er næst algengasta orsök örorku svarenda, byggt á þeirra eigin mati. Um þriðjungur þeirra sem nefna aðra ástæðu örorku nefna einnig geðröskun. Í 1. greiningu TR á örorku svarenda má einnig sjá stoðkerfisvanda sem algengustu orsök örorku þeirra og því næst geðröskun. (Hafa ber þó í huga að samkvæmt upplýsingum TR þá eru geðsjúkdómar helsta ástæða örorku meðal landsmanna). Marktækur munur er á örorkugreiningu eftir kyni. Mun fleiri konur eru með stoðkerfisgreiningu, en karlar eru með greiningu um geðsjúkdóma, hjarta-, æða- eða öndunarferasjúkdóma, áverka eða meðfædda fötlun. Þeir sem eru með þroskahömlun eða skylda meðfædda fötlun eru tæp 6% svarenda. Hátt í helmingur svarenda var metinn til örorku á aldrinum 40 – 60 ára. Marktæk tengsl eru á milli aldurs við örorkumat og örorkugreiningar, einnig á milli örorkualdurs, hjúskaparstöðu og kyns.

Mat á heilsufari

Rúmlega helmingi öryrkja finnst heilsa sín á heildina litið vera slæm. Marktæk tengsl eru á milli hjúskaparstöðu og þess hvernig fólk metur heilsu sína. Meðal fráskilinna, bæði karla og kvenna, er að finna hæst hlutfall þeirra sem meta heilsu sína slæma. Þeir sem búa með börnum innan 18 ára aldurs eru marktækt líklegri en þeir sem ekki búa með börnum til að telja heilsu sína slæma og 70% einstæðra foreldra, sem að mestu eru konur, meta heilsu sína slæma. Marktæk tengsl eru á milli eigin mats á heilsu og örorkugreiningar TR. Þeir sem hafa fengið metna örorku vegna stoðkerfis eða afleiðinga áverka eða æxla telja helst heilsu sína slæma, en þeir sem búa við örorku vegna þroskahömlunar, meðfæddrar fötlunar eða tauga- og skynfæra meta helst heilsu sína frekar góða. Þeir sem stundað hafa launavinnu á síðastliðnum 6 mánuðum meta heilsu sína mun betri en þeir gera sem ekki stunda launavinnu.

Menntun

Menntunarstig öryrkja er lægra en almennt gerist ef borið er saman við tölur sem birtar eru af OECD fyrir árið 2007. Samkvæmt þeim þá hafa 36% 25 – 64 ára Íslendinga aðeins lokið grunnmenntun, 34% starfs- eða framhaldsmenntun og 30% námi á háskólastigi. Samkvæmt

4. Helstu niðurstöður, samhengi og ályktanir

könnuninni þá hafa 70% öryrkja aðeins lokið grunnmenntun þegar til örorkumats kemur, 22% starfs- eða framhaldsmenntun og 8% hafa þá lokið námi á háskólastigi. Rúmlega 20% svarenda hafa lokið einhverju námi eftir að þeir urðu lífeyrisþegar. Þegar þetta nám er tekið með í reikninginn þá hækkar menntunarstig hópsins þannig að 26,5% öryrkja hafa lokið starfs- eða framhaldsmenntun og 10,5% námi á háskólastigi.

Konurnar höfðu í meiri mæli en karlarnir aðeins skyldunám að baki þegar örorka var metin. Karlarnir höfðu mun frekar stundað iðnnám en konurnar hins vegar bóknám og þær hafa vinninginn í háskólanámi. Marktæk tengsl eru á milli tegundar örorku og menntunar fyrir örorkumat. Aðeins 25% þeirra sem fá örorku vegna stoðkerfis hafa lokið einhverju námsstigi umfram grunnmenntun, en það hafa hins vegar 36% þeirra sem fá örorku vegna geðsjúkdóms, sem er hæsta hlutfall innan örorkuhópa. Þeir sem hafa hlotið örorku vegna áverka eða æxla hafa í hæsta hlutfalli lokið iðnskóla, en háskólaþétt er hlutfallslega flest í hópi þeirra sem hafa greiningu til örorku vegna tauga- eða skynfæra.

Mikill áhugi er á frekara námi meðal öryrkja, 11% voru í námi þegar spurt var, en aðrir segja heilsuleysi, efnaleysi eða skort á þori hindra sig frá námi. Vísbending er um að menntunarstig öryrkja fari hækkandi og samanburður við niðurstöður rannsóknar á högum þeirra sem metnir voru til örorkulífeyris eða örorkustyrks árið 1997 (Thorlacius & Ólafsson, 2001) virðist styðja það. En þó menntunarstig öryrkja fari hækkandi er það ekki í sama mæli og meðal þjóðarinnar í heild nema þá helst hvað háskólastigið varðar.

Atvinna

Langflestir öryrkjar, um 96%, hafa einhvern tímann verið á vinnumarkaði. Síðasta launaða starf áður en kom til örorkumats var oftast ósérhæft verkamanna-, afgreiðslu- eða þjónustustarf, eða hjá 44% svarenda. Um 28% svarenda hafa verið í einhverri launaðri vinnu á síðastliðnum 6 mánuðum, en 21% voru í launavinnu þegar könnunin fór fram. Til samanburðar var atvinnuþátttaka Íslendinga 83,3% á 3. ársfjórðungi 2008. Ekki er marktækur munur eftir kyni á launavinnu svarenda, en hlutfallslega er atvinnuþátttaka mest hjá þeim sem búa við þroskahömlun, tauga- eða skynfærasjúkdóm, en minnst hjá þeim sem búa við hjarta-, æða- eða öndunarfærasjúkdóm. Þarna virðist aldur við örorkumat eiga hlut að máli. Þeir sem hafa lokið einhverju námi eftir að þeir urðu lífeyrisþegar eru marktækt líklegri til þess að vera nú á vinnumarkaði.

Flestir öryrkja sem eru í launaðri vinnu sinna hlutastörfum, langflestir á almennum markaði eða í eigin atvinnurekstri, en um 11% eru í verndaðri vinnu eða á TR vinnusamningi. Áhugi á launaðri vinnu er mjög mikill meðal öryrkja, rúmlega 64% þeirra sem ekki eru í vinnu segjast hafa áhuga á launaðri vinnu núna eða í náninni framtíð, en flestir treysta sér aðeins í hlutastarf og margir eru óruggir um vinnugetu sína. Konur eru heldur áhugasamari um launavinnu en karlar og athygli vekur mikill áhugi á atvinnuþátttöku meðal einstæðra mæðra, eða 86%. Langflestir þeirra sem ekki eru í vinnu telja heilsuleysi hindra atvinnuþátttöku sína. Yfirgnæfandi meirihluti öryrkja telur það mjög mikilvægt að öryrkjar hafi möguleika á launaðri vinnu, en almennt telja þeir að vinnumarkaðurinn og bótakerfið standi helst í vegi fyrir atvinnuþátttöku þessa hóps.

Samfélagsþátttaka og endurhæfing

Um þriðjungur svarenda hefur stundað einhver ólaunuð störf á síðastliðnum 6 mánuðum. Helst er um að ræða umönnun barna eða vinnu hjá góðgerða- eða hagsmunasamtökum og minna en 10

4. Helstu niðurstöður, samhengi og ályktanir

tíma vinnuframlag á viku. Meirihluti svarenda stundar einhverja líkamsrækt, meira en þriðjungur tekur þátt í félagsstarfi og rúmur fjórðungur tekur þátt í einhverju öðru frístundastarfi. Konur eru almennt virkari en karlar bæði hvað varðar launalausna vinnu og frístundir utan heimilis sem og í ýmsum öðrum þáttum almennrar virkni og þátttöku eins og að sækja menningarviðburði, heimsækja vini og kunningja eða ferðast út fyrir landsteinana. Algengasta afþreying öryrkja eins og líklega allra landsmanna er að horfa á sjónvarp eða hlusta á útvarp, en lestur slagar þar hátt uppí, einkum meðal kvenna, en einnig eru margar þeirra iðnar við handavinnu. Meirihluti svarenda, eða 79%, hefur aðgang að tölvu á heimili sínu, þó fer það nokkuð eftir aldri, menntun, atvinnuþátttöku, hjúskaparstöðu og kyni, en konur hafa frekar aðgang að tölvu á heimili sínu en karlar. Netaðgangur er nokkuð almennur meðal þeirra sem hafa aðgang að tölvu og 60% svarenda nota tölvupóst.

Aðeins fáir öryrkjar (15%) hafa fengið einhverja skipulega starfsendurhæfingu eða starfsþjálfun, þeir eldri síður en þeir yngri og barnafólk síður en þeir barnlausu. Konur eru mun ólíklegri en karlar til að hafa fengið starfsendurhæfingu og marktækur munur er eftir tegund örorku. Meirihluti þeirra sem lokið hafa starfsendurhæfingu eða starfsþjálfun telja hana hafa skilað sér árangri, sem fólst að flestra mati í betri heilsu og líðan og auknu sjálfstrausti. Meirihluti þeirra sem ekki hafði fengið starfsendurhæfingu hefðu þegið hana ef hún hefði staðið þeim til boða. Vel flestir öryrkja telja mjög mikilvægt að fólk eigi möguleika á starfsendurhæfingu.

Þjónusta

Þjónusta ýmissa aðila og stofnana eru öryrkjum mikilvægar, sú helsta er Tryggingastofnun ríkisins, en því næst Hjálpartækjamiðstöð TR, en 28% svarenda fá þar þjónustu. Um fjórðungur öryrkja hefur fengið þjónustu hjá sveitarfélagi sínu, en 11% hjá Svæðisskrifstofum málefna fatlaðra. Rúmur þriðjungur svarenda segist hafa lent í því að vera sendur á milli þjónustuaðila án þess að fá viðunandi úrlausn sinna mála.

Aðgengi og einangrun

Aðgengi skiptir miklu máli fyrir lífsgæði öryrkja og rúmur fjórðungur þeirra segir að aðgengi hafi áhrif á þátttöku sína í samfélaginu. Ferlimál skipta hvað flesta máli en þar er ástandið líka sýnu verst að mati þeirra sem það varðar, því næst koma ýmiss konar skynáreiti (t.d. áreiti hljóðs, birtu og ýmissa efna), þar sem staðan er einnig slæm. Sterk tengsl eru á milli þess hvort aðgengi hefur áhrif á þátttöku fólks og þess hvort og hversu mikið það finnur til einangrunar, en meirihluti öryrkja, rúm 70%, segjast finna eitthvað til einangrunar. Þeir sem metnir voru til örorku um miðjan aldur finna helst til einangrunar, einnig er marktækur munur eftir hjúskaparstöðu. Tegund fötlunar skiptir einnig máli en geðfatlaðir finna helst til einangrunar, en 35% þeirra segjast finna til mikillar einangrunar. Þeir sem eru á vinnumarkaði finna mun síður til einangrunar en hinir sem þar eru ekki. Mjög margir öryrkjar (45%) segjast finna fyrir fordómum vegna fötlunar sinnar eða örorku og marktækt samband er þar við upplifun einangrunar. Konur finna frekar fyrir fordómum en karlar og hjúskaparstaða skiptir þar miklu máli. Þeir sem eru í óstaðfestri sambúð eða fráskildir finna helst fyrir fordómum og því næst þeir einhleypu. Barnafólk finnur frekar fyrir fordómum en þeir barnlausu.

Huglæg velferð

Eins og vænta má eru sterk tengsl á milli þess að finna fyrir fordómum, einangrun og slæmu aðgengi og að vera ekki jafn ánægður með líf sitt og þeir sem betur eru settir hvað þetta varðar.

4. Helstu niðurstöður, samhengi og ályktanir

Einnig má tengja mat svarenda á ánægju sinni með lífið við meðal annars fjölskyldustöðu, húsnæðisstöðu, tekjur, aldur, ástæðu örorku og aldur við örorkumat. Þeir sem búa með öðrum (þó ekki börnum), búa í eigin húsnæði, eru tekjuhærri, eru í elsta eða yngsta aldurshópi, hafa búið við fötlun sína frá unga aldri eða fá örorkugreiningu seint á lífsleiðinni, eru ánægðari með líf sitt þessa dagana en þeir sem þetta á ekki við um.

Margir í hópi öryrkja eru óánægðir með ýmislegt er varðar líf skjör sín og hagi, þeir finna fyrir fordómum og upplifa einangrun auk þess sem meirihluta þeirra finnst heilsa sín slæm. Margir eru óánægðir með fjárhagsafkomu sína og hafa átt í erfiðleikum með að greiða hin venjulegu útgjöld. Þrátt fyrir þetta þá eru öryrkjar upp til hópa, rétt eins og aðrir landsmenn meira ánægðir en óánægðir með líf sitt. Þeir meta ánægju sína að meðaltali 6,2 stig á kvarðanum 1-10, sem þó vissulega er lægra en hjá Íslendingum í heild sem meta ánægju sína með lífið að meðaltali um 8 stig, samkvæmt könnunum á liðnum árum.

Ólík staða kynjanna

Þegar litið er yfir niðurstöður þessarar rannsóknar í heild sinni má meðal annars sjá ólíka stöðu kynjanna hvað varðar ýmsa áhrifamikla þætti eins og aldur við örorkumat, hjúskaparstöðu, fjölskylduhagi og menntun. Einnig skiptast kynin ólíkt í örorkuflokka, en athygli vekur að þó konur séu langflestar með greiningu um stoðkerfissjúkdóm en karlarnir geðsjúkdóm, þá eru einstæðar mæður frekar með greiningu um geðsjúkdóm. Þessi hópur kvenna sker sig einnig á margan annan hátt úr kvennahópnum og í raun úr öryrkjahópnum alls með hvað lókust líf skjör á heildina litið. En þar er einnig að finna hvað mestan áhuga á að bæta hag sinn með aukinni menntun og atvinnuþátttöku. Karlahópurinn er heldur ekki einsleitur, þar skiptir hvað mestu tegund örorku og aldur við örorkumat.

Langflestir öryrkjar hafa verið á vinnumarkaði en hlotið örorku vegna sjúkdóms eða annarra áfalla á vinnufærum aldri. Hópur þeirra Íslendinga sem segist búa við langvarandi veikindi eða hömlun í daglegu lífi samkvæmt líf skjörkönnun EU-SILC er stærri en sá sem er á skrá örorkulífeyrisþega Tryggingastofnunar, eða rúm 11% á móti um 8% fólks á vinnualdri. Þar sem atvinnuþátttaka þeirra sem búa við örorku samkvæmt EU-SILC er mun meiri en þeirra sem eru á skrá TR þá má ætla að töluverður hópur þeirra sem veikjast eða verða fyrir áföllum detti ekki út af vinnumarkaði eða hafi snúið þangað aftur fyrir eigin rammleik. Ekki er ólíklegt að þessi hópur hafi staðið á einhvern hátt betur að vígi en þeir sem ekki áttu endurkomu á vinnumarkaðinn og eru nú örorkulífeyrisþegar, flestir án atvinnu. Ljóst má vera að þörf er á fleiri hlutastörfum við hæfi þeirra sem hafa skerta vinnugetu, sem og umburðarlyndari og sveigjanlegri vinnumarkað og vinnuveitendur, til að þeir sem standa illa að vígi eigi möguleika til endurkomu á vinnumarkaðinn.

Jákvæðni gagnvart samfélagsþátttöku

Athygli vekur hversu jákvæð afstaða ríkir meðal öryrkja til virkrar samfélagsþátttöku, þ.e. náms, starfsendurhæfingar og atvinnu. Þessi afstaða og sá kraftur sem í þessum hópi býr ætti að vera stjórnvöldum hvatning til þess að efla, samhæfa og greiða fyrir aðgangi að þeim úrræðum sem stuðla að virkri þátttöku öryrkja á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Þá er einnig mikilvægt að líta til fjölbreytileika hópsins, ekki síst þegar unnið er að endurskoðun og skipulagi stoðþjónustu, lífeyris og starfshæfnismats, sem og við stefnumótun til samfélags fyrir alla.

Heimildaskrá

- Allardt E. (1976). Dimensions of welfare in a Comparative Scandinavian Study. *Acta Sociologica* Vol 19. No. 3
- Félagsmálaráðuneytið. (2006). *Mótum framtíð, þjónusta við fötluð börn og fullorðna 2007-2016*. Sótt 25. febrúar 2008 af http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/thjonusta_f/framtidarsyn_stefna_samant_ekt.pdf
- Félagsmálaráðuneytið. *Fréttatilkynning*. Sótt 12. maí. 2010 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/4990>.
- Friðrik Sigurðsson, Elísabet Guttormsdóttir, Guðrún Hannesdóttir, Sveinn A. Morthens, Kristján Valdimarsson. (1995). *Skýrsla nefndar félagsmálaráðuneytis um atvinnumál fatlaðra*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Guðrún Hannesdóttir. (2009). *Til mikils er að vinna. Starfsendurhæfing, stefna og leiðir til virkrar þátttöku í samfélaginu*. MA ritgerð: Háskóli Íslands.
- Johansson S. (2002). Conceptualizing and measuring quality of life for national policy. *Social Indicators Research*, 58. 13-32.
- Lög um almannatryggingar nr. 117/1993.
- Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992.
- Lög um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006.
- OECD. 2003. *Transforming Disability into Ability: Policies to Promote Work and Income Security for Disabled People*, OECD, París
- Sigurður Thorlacius, Sigurjón B. Stefánsson, Stefán Ólafsson. (2001). Menntun, störf og tekjur þeirra sem urðu öryrkjar á Íslandi 1997. *Læknablaðið* 87: 981-985
- Stefán Ólafsson. (2005). Örorka og velferð á Íslandi. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Stefán Ólafsson, Gunnar Þór Jóhannesson (2007). *Húsnæðiskönnun 2007- Aðalskýrsla*. Reykjavík: Þjóðmálastofnun H.Í.
- Stiglitz JE, Sen A., Fitoussi JP. (2009). *Report by the Commission on the Measurement of Economic Performance and Social Progress*.
- Tryggvi Þór Herbertsson (2005). *Fjölgun öryrkja*. Reykjavík: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.
- UN. (2006). „*The International Convention on Human Rights of Persons with Disabilities*“ Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þýðing Þýðingarmiðstöðvar utanríkisráðuneytisins 2009.
- ÖBÍ. (2006). *Eitt samfélag fyrir alla: Hugmynd að betra samfélagi*. Reykjavík: Öryrkjabandalag Íslands í samvinnu við Landssamband eldri borgara og Landssamtökin Proskahjálp.

Lífskjör og hagir öryrkja

Könnun meðal örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega

Markmið þessarar rannsóknar er að gera grein fyrir lífskjörum öryrkja, högum þeirra og viðhorfum, en einnig er leitt í ljós hvernig lífskjörin eru háð fjölmörgum samvinnuðum þáttum. Tilgangurinn er að draga fram í dagsljósið þá fjölbættu mynd af stöðu örorkulífeyrisþega sem hafa þarf í huga við alla umræðu sem og stefnumótun og aðgerðir stjórnvalda í þessum málaflokki.

Rannsóknin er unnin við Þjóðmálastofnun, gerð var könnun á högum og viðhorfum örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega sem stóð frá september 2008 og lauk í janúar 2009. Auk Þjóðmálastofnunar stóð Sigurður Thorlacius dósent við læknadeild Háskóla Íslands einnig að því verki. Áður hefur skýrsla um helstu niðurstöður könnunarinnar verið unnin fyrir félagsmálaráðuneytið og Landssamtök lífeyrissjóða, en þessir aðilar styrktu framkvæmd hennar (Sjá Örorka og virk velferðarstefna, eftir Guðrúnu Hannesdóttur, Sigurð Thorlacius og Stefán Ólafsson). Það rit sem hér liggur fyrir byggir á nánari úrvinnslu þessara könnunargagna sem og samanburðagögnum fyrir Öryrkjabandalag Íslands. Guðrún Hannesdóttir félagsfræðingur vann úr niðurstöðum og skrifaði skýrsluna en Stefán Ólafsson prófessor stýrði verkinu og las yfir handrit.

